

Nóvember 2008

**Endurskoðun
ríkisreiknings
2007**

Efnisyfirlit

SAMANTEKT	7
AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS	7
NIÐURSTÖÐUR ENDURSKOÐUNAR OG ATHUGASEMDIR	8
1 INNGANGUR	11
1.1 ALMENNT UM BÓKHALD OG REIKNINGSSKIL RÍKISINS	11
1.2 FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR	11
1.3 EFNISSKIPAN	13
2 AFKOMA OG FJÁRHAGSSTAÐA RÍKISSJÓÐS	15
2.1 AFKOMA RÍKISSJÓÐS	15
2.2 TEKJUR RÍKISSJÓÐS	16
2.3 GJÖLD RÍKISSJÓÐS	18
2.4 EIGNIR, SKULDIR OG EIGIÐ FÉ RÍKISSJÓÐS	21
2.5 SJÓÐSTREYMI	22
3 ENDURSKOÐUN EFNAHAGS A-HLUTA	23
3.1 ÁHÆTTUFJÁRMUNIR OG LANGTÍMAKRÖFUR	23
3.2 VELTUFJÁRMUNIR	24
3.3 LÍFEYRISSKULDBINDINGAR	24
3.4 LANGTÍMASKULDIR	25
3.5 SKAMMTÍMASKULDIR	26
4 ENDURSKOÐUN TEKNA RÍKISSJÓÐS	29
4.1 TEKJUR, INNHEIMTA OG EFTIRSTÖÐVAR 2007	29
4.2 BEINAR AFSKRIFTIR	30
4.3 ÓBEINAR AFSKRIFTIR (NIÐURFÆRSLA).....	30
4.4 TRYGGINGAGJALD	31
4.5 VIRÐISAUKASKATTUR	32
4.6 ÁÆTLANIR OPINBERRA GJALDA	33
4.7 DRÁTTARVEXTIR OG ÁLAG	34
4.8 SÉRTEKJUR STOFNANA	35
4.9 SALA EFNISLEGRA EIGNA	35
4.10 SKATTASTYRKIR (-AFSLÆTTIR)	36
4.11 SKULDBREYTINGAR OG NAUÐASAMNINGAR	38
5 ENDURSKOÐUN RÁÐUNEYTA OG STOFNANA	41
5.1 FRAMKVÆMD ENDURSKOÐUNAR	41
5.2 HELSTU NIÐURSTÖÐUR OG ATHUGASEMDIR	42
5.3 FJÁRMAGNSKOSTNAÐUR	50
5.4 ÁHERSLUATRÍÐI VIÐ ENDURSKOÐUN 2007	51
6 INNRA EFTIRLIT OG INNRI ENDURSKOÐUN	53
6.1 ÚTTEKTIR RÍKISENDURSKOÐUNAR Á INNRA EFTIRLITI	53
6.2 EFTIRFYLGNI MEÐ ELDRI SKÝRSLUM	54
7 FYRIRTÆKI Í B-, C-, D- OG E-HLUTA	55
7.1 ENDURSKOÐUN B-HLUTA RÍKISREIKNINGS	55
7.2 ENDURSKOÐUN C-HLUTA RÍKISREIKNINGS	56
7.3 ENDURSKOÐUN D-HLUTA RÍKISREIKNINGS	57
7.4 ENDURSKOÐUN E-HLUTA RÍKISREIKNINGS	57

8	ENDURSKOÐUN LÍFEYRISSJÓÐA RÍKISSTARFSMANNA OG ÞJÓÐKIRKJUNNAR	59
8.1	ENDURSKOÐUN LÍFEYRISSJÓÐA 2007	59
8.2	LSR.....	60
8.3	ÁVÖXTUN Í SAMANBURÐI VIÐ AÐRA LÍFEYRISSJÓÐI	60
8.4	LH	61
8.5	TRYGGINGAFRÆÐILEG ÚTTEKT Á LH	61
8.6	ÞJÓÐKIRKJAN	62
	TÖFLUVIÐAUKAR	65
	TÖFLUVIÐAUKI VIÐ 2. KAFLA	65
	TÖFLUVIÐAUKI VIÐ 3. KAFLA	69
	TÖFLUVIÐAUKI VIÐ 4. KAFLA	71
	TÖFLUVIÐAUKI VIÐ 7. KAFLA	73
	TÖFLUVIÐAUKI VIÐ 8. KAFLA	74

Myndir og töflur

Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs 2006–2007	7
2.1 Rekstur og efnahagur A-hluta ríkissjóðs 2001–2007	15
2.2 Tekjur og gjöld ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)	16
2.3 Skatttekjur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)	17
2.4 Rekstrartekjur, sala eigna og fjárframlög ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)	18
2.5 Rekstrargjöld ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)	19
2.6 Rekstrar- og neyslutilfærslur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)	20
2.7 Viðhald, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007).....	20
2.8 Eignir, skuldir og eigið fé ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007).....	22
3.1 Veltufjármunir A-hluta ríkissjóðs.....	24
3.2 Áfallnar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs	25
3.3 Langtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs.....	25
3.4 Innlend langtímalán A-hluta ríkissjóðs	25
3.5 Skammtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs	26
4.1 Tekjur ríkisins 2007.....	29
4.2 Niðurfærðar eftirstöðvar höfuðstóls í árslok 2007.....	31
4.3 Skipting tryggingagjalds á réttthafa 2007	31
4.4 Uppgjör virðisaukaskatts 2007, höfuðstóll.....	32
4.5 Álagður og áætlaður tekjuskattur einstaklinga 2004–2007	33
4.6 Dæmi um frávik sértekna frá fjárheimildum 2007	35
4.7 Sala efnislegra eigna 2007	36
4.8 Stærstu einstakir liðir skattastyrkja 2007 (í m.kr.)	37
5.1 Rekstrarniðurstaða ráðuneyta 2007*.....	42
5.2 Fjárlagaliðir með of- eða vannyttar fjárheimildir í árslok 2007	43
5.3 Æðsta stjórn ríkisins – athugasemdir	44
5.4 Forsætisráðuneyti – athugasemdir	44
5.5 Menntamálaráðuneyti – athugasemdir	45
5.6 Utanríkisráðuneyti – athugasemdir.....	45
5.7 Landbúnaðarráðuneyti – athugasemdir	46
5.8 Sjávarútvegsráðuneyti – athugasemdir.....	46
5.9 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti – athugasemdir	46
5.10 Félagsmálaráðuneyti – athugasemdir	47
5.11 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti – athugasemdir	47
5.12 Fjármálaráðuneyti – athugasemdir	48
5.13 Samgönguráðuneyti – athugasemdir	48
5.14 Iðnaðarráðuneyti – athugasemdir.....	49
5.15 Viðskiptaráðuneyti – athugasemdir	49
5.16 Umhverfisráðuneyti – athugasemdir	50
5.17 Fjármagnskostnaður ríkissjóðs 2007 og 2006	50
7.1 Ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings	55
7.2 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings	56
7.3 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings	56
7.4 Fjármálastofnanir í D-hluta ríkisreiknings	57
8.1 Þróun hreinnar eignar LSR og LH 1998–2007.....	59
8.2 Yfirlit um helstu afkomutölur LSR 2007 og 200.....	60
8.3 Raunávöxtun nokkurra lífeyrissjóða 2007 og 2006*	61
8.4 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LH 2007 og 2006	61
8.5 Fjárveitingar til þjóðkirkjunnar og sjóða hennar 2007	62
Rekstrarreikningur ríkissjóðs, A-hluta (2003–2007).....	66

Efnahagsreikningur ríkissjóðs, A-hluta 31. desember (2003–2007)	67
Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluta (2003–2007)	68
Innborganir ríkissjóðs 2007 vegna lífeyrisskuldbindinga	69
Staða ríkisbréfa og ríkisvixla í árslok 2007 og 2006	69
Staða spariskirteina ríkissjóðs í árslok 2007 og 2006	69
Skammtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs	70
Skammtímaeignir A-hluta ríkissjóðs	70
Ríkissjóðstekjur 2007	71
Afskrifaðar kröfur á lögaðila 2007, úrtakskönnun Ríkisendurskoðunar	71
Yfirlit áætlana í virðisaukaskatti 2007	72
Gjaldfallnar skuldir í virðisaukaskatti 2007, virk VSK-númer	72
Hluta- og sameignarfélög í E-hluta ríkisreiknings	73
Helstu reikningstölur kirkjustofnana á árinu 2007	74

Samantekt

Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Árið 2007 varð 88,6 ma.kr. tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs, tæpum 7 ma.kr. meiri en árið á undan. Útkoman varð einnig mun betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins þar sem reiknað var með tæplega 9,2 ma.kr. afgangi. Tekjur hækkuðu alls um 64,2 ma.kr. (15,2%) milli ára en gjöld um 57,4 ma.kr. (16,9%).

Eignir A-hluta ríkissjóðs námu 581,9 ma.kr. í árslok og höfðu þá aukist um 114,4 ma.kr. (24,5%) á árinu. Skýringin felst einkum í 44,0 ma.kr. eiginfjárframlagi ríkissjóðs til Seðlabankans og 30,2 ma.kr. hækkun á hlut ríkisins í Landsvirkjun. Skuldir og aðrar skuldbindingar ríkissjóðs jukust um 41,3 ma.kr. (7,8%) á árinu og námu samtals 572,2 ma.kr. í árslok 2007. Þar af voru lífeyrisskuldbindingar 230,6 ma.kr. eða 40% og hækkuðu um 20,5 ma.kr. á árinu. Aðrar langtímaskuldir stóðu hins vegar í heild nokkurn veginn í stað. Eigið fé ríkissjóðs, þ.e. peningalegar eignir umfram skuldir, nam 9,7 ma.kr. í árslok 2007.

Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs 2006–2007			
Í m.kr.	2007	2006	mism.
Rekstur			
Tekjur	486.129	421.961	64.168
Gjöld	397.524	340.166	57.358
Tekjuafgangur	88.604	81.797	6.807
Efnahagur í árslok			
Eignir	581.892	467.529	114.363
Skuldir	572.200	530.905	41.295
Eigið fé í árslok	9.692	-63.372	73.064
Skuldir og eigið fé	581.892	467.532	114.360

Niðurstöður endurskoðunar og athugasemdir

Efnahagur A-hluta ríkissjóðs

Endurskoðun efnahagsliða var að mestu án athugasemda en þó áréttaði Ríkisendurskoðun eina athugasemd sína frá fyrri árum:

- Efla þarf enn frekar yfirferð og afstemmingar viðskiptakrafna sem ekki hreyfast milli ára og ákveða að hvaða marki þær skuli afskrifaðar.

Tekjur ríkissjóðs

Að mati Ríkisendurskoðunar var uppgjör á tekjum ríkisins án verulegra annmarka. Engu að síður áréttaði stofnunin nokkrar athugasemdir sínar frá fyrri árum:

- Afmá ætti úr fyrirtækjaskrá þau fyrirtæki sem ekki eru í rekstri en sæta áætlun virðisaukaskatts eða opinberra gjalda. Virðisaukaskattsnúmerum þeirra aðila sem ekki hafa skilað skýrslum í tiltekinn tíma verði lokað.
- Endurskoða þarf skilgreiningu sértekna stofnana þannig að flokkun þeirra í ríkisreikningi og fjárlögum sé í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga.
- Alþingi ætti að kanna möguleika á því að setja sérstaka löggjöf um skattastyrki í samræmi við tillögur vinnuhóps á vegum Evrópusamtaka ríkisendurskoðana.

Gjöld ráðuneyta og stofnana

Almennt telur Ríkisendurskoðun að bókhald og fjárreiður stofnana séu í góðu horfi. Engu að síður gerði stofnunin sem fyrr athugasemdir við framkvæmd fjárlaga hjá mörgum stofnunum, auk annarra athugasemda:

- Um 15% fjárlagaliða stóðu í halla umfram 4% af fjárheimild í árslok 2007. Ríkisendurskoðun hefur margsinnis hvatt stjórnvöld til að taka á hallarekstri stofnana í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga.
- Um 55% fjárlagaliða stóðu með rekstrarafgang umfram 4% af fjárheimild í árslok 2007. Ríkisendurskoðun hefur áður lagt til að skýrar reglur verði settar um meðferð ónýttra fjárheimilda.
- Dæmi eru um að stofnanir fjármagni hallarekstur með yfirdrætti á bankareikningi en slíkt er óheimilt samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins.
- Sú aðferð sem notuð er til að bókfæra endurmatshækkun spariskírteina leiðir til þess að vaxtakostnaður ríkisins er vanmetinn í rekstrarreikningi.

- Athugun á fylgiskjölum stofnana sem eru í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins leiddi í ljós að skýrari reglur vantar um ýmis bókhaldsatriði, m.a. um staðfestingar reikninga og skýringar á fylgiskjölum.
- Ríkisendurskoðun kannaði fyrirkomulag upplýsingatæknimála hjá 161 stofnun. Fram kom að margar stofnanir með sérsníðuð upplýsingakerfi höfðu ekki látið meta innri eftirlisþætti þeirra. Brýnt er að allar stofnanir með slík kerfi láti meta þessa þætti.
- Ríkisendurskoðun kannaði fyrirkomulag ræstingar og öryggisþjónustu hjá 167 stofnunum. Könnunin gaf vísbendingu um að kostnaður við ræstingu sé á heildina litið svipaður hvort sem starfsmenn eða verktakar annast hana. Þó verður að gera ítarlegri skoðun áður en unnt er að slá einhverju föstu um þetta.
- Hjá um helmingi stofnana í könnun Ríkisendurskoðunar annast verktakar ræstingu og öryggisgæslu. Hjá mörgum þeirra geta viðkvæm gögn legið á borðum starfsmanna. Brýnt er að allar stofnanir sem þannig er ástatt um afli trúnaðaryfirlýsinga frá verktökum.

Fyrirtæki í B-, C-, D- og E-hluta

Endurskoðun fyrirtækja í B-, C-, D-, og E-hluta ríkissjóðs var að mestu án athugasemda. Ríkisendurskoðun ítrekaði þó tvær athugasemdir sem hún hefur sett fram undanfarin ár:

- Tilgreina ætti í ríkisreikningi þau félög sem eru í meirihlutaeign ríkisins gegnum aðila A- til E-hluta.
- Fella ætti Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkissjóðs. Sjóðurinn getur með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

1 Inngangur

Í skýrslu þessari gerir Ríkisendurskoðun grein fyrir endurskoðun ríkisreiknings 2007 og setur fram athugasemdir sínar og ábendingar. Endurskoðað var í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun, laga um endurskoðendur, viðurkenndar verklagsreglur og góða endurskoðunarvenju.

1.1 Almennt um bókhald og reikningsskil ríkisins

Í lögum um fjárreiður ríkisins (nr. 88/1997) er Fjársýslu ríkisins falið að hafa yfirumsjón með bókhaldi og ársreikningum ríkisaðila í A-, B- og C-hluta ríkisreiknings. Fjársýslan skal gæta þess að samræmi sé í reikningsskilum þessara aðila, veita þeim aðstoð og ráðgjöf og móta verklagsreglur og leiðbeiningar um bókhald og gerð ársreikninga. Bókhaldi ríkisaðila skal hagað á skýran og aðgengilegan hátt og reikningsskil skulu gefa glögga mynd af rekstri og efnahag. Ákvæði laga um bókhald og ársreikninga sem og góðar bókhalds- og reikningsskilavenjur skulu gilda að svo miklu leyti sem fjárreiðulögin mæla ekki fyrir um annað.

Fjársýslan gerir ríkisreikning og áritar hann ásamt fjármálaráðherra til að staðfesta að hann nái til allra ríkisaðila og sé gerður í samræmi við lög og venjur. Í reikningnum eru tekjur, gjöld, eignir og skuldir allra ríkisaðila í A-hluta dregnar saman í samstæðu. Viðskipti milli ríkisaðila innbyrðis eru að jafnaði ekki einangruð. Ríkisendurskoðandi endurskoðar ríkisreikning og ársreikninga ríkisaðila í samræmi við ákvæði laga um Ríkisendurskoðun (nr. 86/1997). Fjármálaráðherra leggur síðan endurskoðaðan ríkisreikning fyrir Alþingi innan tveggja vikna frá því að það kemur saman að hausti.

Ekki gilda bein lagaákvæði um þinglega meðferð ríkisreiknings önnur en þau að með honum skal fylgja frumvarp til lokafjárlaga honum til staðfestingar. Þar skal leitað eftir heimild til uppgjörs á skuldum eða ónotuðum fjárveitingum sem ekki eru fluttar milli ára. Leggja skal fram skrá yfir geymdar fjárheimildir og þá aðila sem hafa farið fram úr fjárheimildum ársins. Loks skal gera grein fyrir ónýttum lántökuheimildum ársins.

1.2 Framkvæmd endurskoðunar

Lög um Ríkisendurskoðun kveða á um að fjárhagsendurskoðun skuli samkvæmt góðri endurskoðunarvenju á hverjum tíma einkum miða að eftirfarandi:

Að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri og efnahag í samræmi við góða reikningsskilavenju.

Að kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur.

Að reikningar séu í samræmi við heimildir fjárlaga, fjárukalaga og annarra laga, lögmat fyrirmæli, starfsvenjur og samninga um rekstrarverkefni þar sem það á við.

Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.

Ríkisendurskoðun annast ýmist sjálf endurskoðun eða felur endurskoðunar- fyrirtækjum að annast hana í umboði sínu. Líkt og undanfarin ár fólst endurskoðunin einkum í að votta áreiðanleika þeirra fjárhagsupplýsinga sem fram koma í reikningsskilum. Beitt var viðurkenndum endurskoðunaraðgerðum í samræmi við verklagsreglur Alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI).

Á síðustu árum hefur Ríkisendurskoðun aðstoðað stofnanir við gerð ársreikninga. Þessi ársreikningsgerð byggist á upplýsingum sem liggja fyrir í fjárhagsupplýsingakerfi ríkisins, Oracle-kerfinu. Að lokinni endurskoðun er tekið saman bréf um endurskoðunina og það sent viðkomandi stofnun og ráðuneyti. Eftir atvikum er þar að finna athugasemdir og ábendingar um hvað betur má fara í bókhaldi og fjárreiðum. Að auki endurskoðar Ríkisendurskoðun sérstaklega þá samantekt fjárhagsupplýsinga sem fram kemur í ríkisreikningi.

Samhliða hefðbundinni fjárhagsendurskoðun hefur Ríkisendurskoðun fyrir venju að skoða sérstaklega tiltekna þætti í stjórnun og rekstri stofnana. Þessi áhersluatriði eru breytileg milli ára en að þessu sinni var ákveðið að kanna þrjú slík atriði: Meðferð fylgiskjala hjá stofnunum sem nýta greiðsluþjónustu Fjársýslunnar, fyrirkomulag ræstingar og öryggisgæslu og stefnumörkun og innleiðingu eigin upplýsingakerfa.

Áritun ríkisendurskoðanda á ríkisreikning 2007 er nokkuð breytt frá fyrra ári. Ástæðan er sú að á árinu samþykkti Félag löggiltra endurskoðenda að taka upp nýja endurskoðunaráritun sem byggir á alþjóðlegum staðli. Í nýjum lögum um endurskoðendur (nr. 79/2008) er ákvæði til bráðabirgða sem segir að þar til alþjóðlegir endurskoðunarstaðlar hafa verið teknir upp í íslenskan rétt skuli góð endurskoðunarvenja teljast endurskoðun „með viðurkenndum aðferðum í samræmi við leiðbeinandi reglur sem gefnar eru út af alþjóðasamtökum endurskoðenda“ (sbr. ákvæði II til bráðabirgða). Áritun ríkisendurskoðanda er í samræmi við þetta bráðabirgðaákvæði með þeim breytingum sem leiða af lögum um Ríkisendurskoðun og fjárreiðulögum.

1.3 Efnisskipan

Uppbygging þessarar skýrslu er í meginatriðum á þá leið að í 2. kafla er fjallað almennt um afkomu og fjárhagsstöðu ríkissjóðs á árinu 2007, í 3. kafla er fjallað um endurskoðun efnahags A-hluta ríkissjóðs, í 4. kafla um endurskoðun tekna ríkissjóðs og 5. kafla um niðurstöður endurskoðunar hjá ráðuneytum og stofnunum. Þá er í 6. kafla fjallað um athuganir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti stofnana og 7. kafla um fyrirtæki, sjóði og félög í eigu ríkissjóðs. Loks er fjallað um endurskoðun lifeyrissjóða og Þjóðkirkjunnar í 8. kafla.

2 Afkoma og fjárhagsstaða ríkissjóðs

Árið 2007 var 88,6 ma.kr. tekjuafgangur af rekstri A-hluta ríkissjóðs. Tekjur ríkissjóðs jukust um 15,2% milli ára 2006 og 2007 en gjöld um 16,9%. Eignir jukust um 24,5% og skuldir um 7,8%. Eiginfjárstaða ríkissjóðs batnaði og var í fyrsta skipti um langt árabil jákvæð, þ.e. peningalegar eignir voru hærrí en skuldir.

2.1 Afkoma ríkissjóðs

Árið 2007 varð um 88,6 ma.kr. tekjuafgangur af rekstri ríkissjóðs og var það þriðja árið í röð sem hann skilaði umtalsverðum afgangi. Árin þar á undan var ýmist afgangur eða halli á bilinu 1–4% af tekjum (sjá mynd 2.1).

Útkoman á árinu 2007 er einnig mun betri en gert var ráð fyrir í fjárlögum ársins en þar var tekjujöfnuðurinn áætlaður tæpir 9,2 ma.kr. Í fjárukalögum var þessi afkomuáætlun hækkuð um 73,6 ma.kr. og var því alls miðað við um 82,8 ma.kr. afgang á árinu. Útkoma ársins er því 5,8 ma.kr. betri en fjárlög og fjárukalög gerðu ráð fyrir.


2.1 Rekstur og efnahagur A-hluta ríkissjóðs 2001–2007

Í ma.kr.	Tekjur	Gjöld	Tekjujöfn.	Eignir	Skuldir	Eigið fé
2001	237,4	228,7	8,6	266,7	491,5	-224,8
2002	259,2	267,3	-8,1	267,0	488,9	-222,0
2003	274,6	280,7	-6,1	248,5	483,1	-234,6
2004	302,4	300,4	2,0	245,3	471,9	-226,5
2005	421,2	308,4	112,8	297,7	409,2	-111,5
2006	422,0	340,2	81,8	467,5	530,9	-63,4
2007	486,1	397,5	88,6	581,9	572,2	9,7

Jákvæð afkoma ríkisins árið 2007 skýrist eins og árin þar á undan af auknum skatttekjum og öðrum tekjum. Þenslan í efnahagslífi undanfarinna ára skilaði sér þannig í hækkuðum skattstofna og meiri tekjum ríkissjóðs.

Mynd 2.2 sýnir þróun tekna og gjalda A-hluta ríkissjóðs fyrir árin 2001 til 2007. Fyrri hluta tímabilsins hækkuðu tekjur og gjöld nokkuð jafnt og vöxturinn var áþekkur frá ári til árs. Árið 2005 varð hins vegar mikil hækkuð og aftur 2007. Gjaldþróunin hélst hins vegar nokkuð jöfn til 2006 þegar gjöld hækkuðu verulega og hélt sú þróun áfram á árinu 2007.

2.2 Tekjur og gjöld ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)




2.2 Tekjur ríkissjóðs

Tekjur ríkissjóðs hækkuðu um 64,2 ma.kr. (15,2%) milli áráanna 2006 og 2007, úr 422,0 ma.kr. í 486,1 ma.kr. Milli áráanna 2005 og 2006 jukust tekjurnar hins vegar aðeins um 795,0 m.kr. (0,2%) en þess ber að geta að árið 2005 var sérstakt vegna mikilla tekna af sölu eigna.

Skatttekjur námu 408,5 ma.kr. á árinu 2007 sem er um 84% af heildartekjum ríkissjóðs. Skatttekjur ríkisins hafa vaxið mikið undanfarin ár, einkum hefur vöxturinn verið hraður frá árinu 2004 (mynd 2.3). Undanfarin ár hefur reyndar heldur dregið úr vextinum enda þótt aukningin sé ennþá umtalsverð. Skatttekjur hækkuðu um 22% milli áráanna 2004 og 2005, um 12,5% milli 2005 og 2006, og um 8,3% á milli 2006 og 2007.

2.3 Skatttekjur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)



Tekjuskattar einstaklinga námu 85,5 ma.kr. á árinu 2007 og er það aukning um 4,0 ma.kr. (5,0%) frá árinu á undan. Þess ber að geta að tekjuskattshlutfall einstaklinga lækkaði milli ára um eitt prósentustig. Tryggingagjöld og aðrir skattar á launagreiðslur hækkuðu um 2,3 ma.kr. milli ára (6,0%). Báðir þessir skattstofnar endurspeglar þenslu á vinnumarkaði sem hófst árið 2003. Tryggingagjald er markaður tekjustofn sem rennur að mestu í Atvinnuleysis-tryggingasjóð, Fæðingarorlofssjóð og er nýtt til að fjármagna lífeyris- og slysa-tryggingar.

Tekjuskattar lögaðila skiluðu 12,8% meiri tekjum en árið á undan, fóru úr 32,4 ma.kr. í 36,6 ma.kr. Skatthlutfall lögaðila var óbreytt frá fyrra ári. Í krónum talið skiluðu tekjuskattar lögaðila þrisvar sinnum meiri tekjum árið 2007 en árið 2004.


Bæði skattar á fjármagnstekjur og eignatengdir skattar skiluðu mun meiri tekjum á árinu 2007 en árið á undan. Þeir fyrrnefndu fóru úr 23,7 ma.kr. í 31,4 ma.kr. sem er ríflega 32% hækkun og þeir síðarnefndu úr 8,8 ma.kr. í 12,0 m.kr. sem er tæplega 37% hækkun. Þá skýrast meiri tekjur af eignarsköttum einkum af stimpilgjöldum sem endurspeglar hækkun fasteignaverðs og auknar lántökur henni samfara.

Tekjur af virðisaukaskatti námu 137,7 ma.kr. á árinu 2007 og jukust um 4,2% milli ára. Tekjur af virðisaukaskatti hafa hækkað mikið á undanförunum árum

eða um 43% frá 2004. Sömu sögu er að segja af tekjum af vörugjöldum sem námu 45,9 ma.kr. á árinu 2007 og hækkuðu um 2,2 m.kr. (5,1%) milli ára.

Aðrar tekjur ríkissjóðs en skattar eru rekstrartekjur (t.d. fjármunatekjur, tekjur af sölu eigna eða endurmats þeirra) og fjárframlög. Fjármunatekjur, þ.e. vaxtatekjur og arður, námu samtals 27,8 ma.kr. á árinu 2007 en voru 19,0 ma.kr. árið á undan og nemur hækkunin 46,5%. Tekjur af sölu eigna jukust einnig verulega milli ára, úr 14,2 ma.kr. í 35,3 ma.kr., og skýrist aukningin einkum af sölu hlutabréfa í Hitaveitu Suðurnesja hf. og matshækkun á eignarhluta ríkisins í Landsvirkjun.

2.4 Rekstrartekjur, sala eigna og fjárframlög ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)




2.3 Gjöld ríkissjóðs

Gjöld ríkissjóðs á árinu 2007 hækkuðu um 57,4 ma.kr. (16,9%) frá fyrra ári, samanborið við 31,8 ma.kr. (10,3%) milli 2005 og 2006. Undanfarin tvö ár hafa gjöldin hækkað umtalsvert meira en þrjú árin þar á undan.

Launakostnaður nam um fjórðungi af heildargjöldum ríkisins eða 105,1 ma.kr. og hækkaði um 8,8 ma.kr. eða 9,1% milli ára. Þá nam kostnaður vegna lífeyrisskuldbindinga um 20,9 ma.kr. á árinu sem er 9,0 ma.kr. eða 75% meira en árið 2006. Kostnaður við lífeyrisskuldbindingar er annars mjög breytilegur frá einu ári til annars. Önnur rekstrargjöld ríkisins hækkuðu um 10,1 ma.kr.


eða 19,3% milli ára. Þá hafa sértekjur verið dregnar frá en þær stóðu nánast í stað milli ára. Mynd 2.5 sýnir þróun rekstrargjalda ríkissjóðs 2001–2007.



Fjármagnskostnaður ríkisins var 22,2 ma.kr. árið 2007 sem er 7,3 ma.kr. eða 49% meira en árið á undan.


Undir rekstrar- og neyslutilfærslur falla lífeyris- og sjúkratryggingar auk annarra útgjaldaliða almannatryggingakerfisins, afskriftir skattkrafna, barnabætur, vaxtabætur, auk greiðslna vegna búvöruframleiðslu, framlaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og fleiri liða. Rekstrar- og neyslutilfærslur námu alls 156,2 ma.kr. árið 2007 eða um 40% af útgjöldum ríkisins. Árið 2007 voru þessi útgjöld 14,3 ma.kr. (10,1%) hærri en árið á undan. Þessi útgjöld uxu ört fram til 2003, lækkuðu árið 2004 en hafa aftur farið hækkandi frá þeim tíma (sjá mynd 2.6).

2.6 Rekstrar- og neyslutilfærslur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)



Gjöld vegna stofnkostnaðar, viðhalds og fjármagnstilfærslna námu samtals 30,7 ma.kr. sem er innan við 8% af heildarútgjöldum ríkisins. Tæpur helmingur þeirrar fjárhæðar var stofnkostnaður og viðhald vegna vegamála. Undir fjármagnstilfærslur falla m.a. framlög til hafnamála, Ofanflóðasjóðs, Framkvæmdasjóðs aldraðra og ýmissa stofnkostnaðarverkefna utan A-hlutans. Útgjöld vegna stofnkostnaðar, viðhalds og fjármagnstilfærslna stóðu í stað eða jafnvel lækkuðu á tímabilinu 2001–2005 en hafa vaxið jafnt og þétt síðan þá (sjá mynd 2.7).

2.7 Viðhald, stofnkostnaður og fjármagnstilfærslur ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)




2.4 Eignir, skuldir og eigið fé ríkissjóðs

Eignir A-hluta ríkissjóðs námu 581,9 ma.kr. í árslok og höfðu þá hækkað um 114,3 ma.kr. (24,5%) á árinu. Meginskýringin á hækkun eigna felst í 44,0 ma.kr. eiginfjárframlagi ríkissjóðs til Seðlabankans og 30,2 ma.kr. hækkun vegna kaupa ríkisins á hlut Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Skuldir og aðrar skuldbindingar ríkissjóðs jukust um 41,3 ma.kr. (7,8%) á árinu og námu samtals 572,2 ma.kr. í árslok 2007. Þar af voru 230,6 ma.kr. eða 40% vegna lífeyrisskuldbindinga en þær hækkuðu um 20,5 ma.kr. á árinu. Aðrar langtímaskuldir stóðu hins vegar í stað. Reyndar lækkuðu erlendar langtímaskuldir nokkuð en innlendar langtímaskuldir hækkuðu á móti.

Eigið fé A-hluta ríkissjóðs er skilgreint sem mismunurinn á eignum og skuldum sem sýndar eru í efnahagsreikningi. Eignirnar eru veltufjármunir, einkum bankainnstæður, óinnheimtar ríkistekjur og viðskiptakröfur, langtímalán sem ríkið hefur veitt og eignarhlutir í ríkisfyrirtækjum og hlutafélögum. Skuldirnar eru tekin lán, skuldbindingar vegna lífeyrisgreiðslna og viðskiptaskuldir. Ólíkt því sem tíðkast hjá fyrirtækjum eru fasteignir og aðrir varanlegir rekstrarfjármunir ekki eignfærðir hjá A-hluta ríkissjóðs. Neikvætt eigið fé A-hlutans endurspeglar þar af leiðandi ekki raunverulega fjárhagsstöðu ríkisins heldur er fremur til marks um að hve miklu leyti tekjum hafi verið ráðstafað fram í tímann. Eigið fé ríkissjóðs hefur löngum verið neikvætt, þ.e. skuldir og skuldbindingar verið hærri en bókfærðar eignir. Vegna mikils afgangss á ríkissjóði á árunum 2005–2007 batnaði eiginfjárstaðan og var orðin jákvæð um 9,7 ma.kr. í árslok 2007.

2.8 Eignir, skuldir og eigið fé ríkissjóðs, A-hluta (2001–2007)



2.5 Sjóðstreymi

Greiðsluafkoma ríkissjóðs (handbært fé frá rekstri) svarar til rekstrarafkomu eftir að tekið er tillit til þeirra rekstrarliða sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi auk breytinga á rekstartengdum eignum og skuldum. Árið 2007 var greiðsluafkoman jákvæð um 68,9 ma.kr. en var til samanburðar jákvæð um 75,5 ma.kr. árið 2006. Greiðsluafkoman var þannig 19,7 ma.kr. lakari en nam tekjujöfnuði sem skýrist af liðum sem færðir eru í rekstrarreikningi en hafa ekki áhrif á handbært fé. Dæmi um það er t.d. endurmatshækkun á eignarhlut ríkisins í Landsvirkjun.

Fjárfestingarhreyfingar, þ.e. lánveitingar umfram afborganir, kaup og sala hlutabréfa og eiginfjárframlög, fólust m.a. í kaupum á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun, eiginfjárframlagi til Seðlabankans. Fjármögnunarhreyfingar, þ.e. lántökur umfram afborganir, skýrast m.a. af lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhlutum í Landsvirkjun.

Í viðauka er að finna yfirlit um rekstur, efnahag og sjóðstreymi ríkissjóðs.

3 Endurskoðun efnahags A-hluta

Endurskoðun efnahagsliða var að mestu án athugasemda. Þó var áréttuð athugasemd Ríkisendurskoðunar frá fyrri árum um að efla þurfi enn frekar yfirferð og afstemmingar viðskiptakrafna sem ekki hreyfast milli ára.

Upplýsingar um stöðu efnahagsliða koma bæði fram í uppgjöri einstakra ríkisstofnana og aðalbókhaldi ríkissjóðs. Markmið endurskoðunar var að ganga úr skugga um áreiðanleika upplýsinga um stöðu í árslok 2007. Í meginatriðum fólst endurskoðunin í eftirtöldum aðgerðum:

- Farið var yfir bankaafstemmingar
- Viðskiptareikningar voru kannaðir
- Innlent lánakerfi var afstemmt við aðalbókhald
- Erlend lán voru afstemmd við aðalbókhald
- Yfirlit Fjársýslu ríkisins um lífeyrisskuldbindingar og innlend langtímalán voru yfirfarin
- Yfirlit um lífeyrisskuldbindingar var borið saman við skýrslu tryggingastærðfræðings

3.1 Áhættufjármunir og langtímakröfur

Áhættufjármunir ríkisins eru í fyrsta lagi eignarhlutir í fyrirtækjum og stofnunum B-, C- og D-hluta ríkissjóðs, í öðru lagi eignarhlutir ríkissjóðs eða stofnana ríkisins í hlutafélögum og í þriðja lagi stofnfé í alþjóðastofnunum. Í árslok 2007 námu áhættufjármunir ríkisins samtals 191,9 ma.kr. og höfðu aukist um 89,2 ma.kr. milli ára. Skýringin er einkum hækkun á eiginfjárframlagi til Seðlabankans og kaup á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

Veitt lán ríkissjóðs hækkðu á árinu 2007 úr 169,7 ma.kr. í 174,4 ma.kr. Nettó hækkun var því 4,7 ma.kr. Afborganir og uppgreiðslur lána námu 12,3 ma.kr. Nýjar lánveitingar námu alls 18,3 ma.kr. Stærstu lánveitingarnar voru í tengslum við varnarsvæðin á Keflavíkurflugvelli 12,7 ma.kr. og til Lánasjóðs Íslenskra námsmanna 5,4 ma.kr.

Á árinu 2007 dró úr vanskilum veittra lána miðað við fyrri ár. Skuldalaránanna eru nú að mestu ríkisfyrirtæki og lánastofnanir. Lán til fyrirtækja og einstaklinga námu 281 m.kr. í árslok sem er innan við 0,2% af heildarfjárhæð veittra lána. Nýtt lánakerfi var tekið í notkun á árinu 2007 og 2008 bæði fyrir veitt og tekin lán ríkissjóðs.

3.2 Veltufjármunir

Veltufjármunir ríkisins eru vöru- og efnisbirgðir, óinnheimtar ríkistekjur, aðrar skammtímakröfur, næsta árs afborganir af langtímalánum og handbært fé. Í árslok 2007 voru skammtímameignir ríkissjóðs samtals 231,1 ma.kr. og nam hækkun milli ára 25,0 ma.kr. eða 12%. Mesta hækkun einstakra liða skammtímameigna varð á handbæru fé, um 11,9 ma.kr. eða 12,9%. Hækkunin skýrist fyrst og fremst af góðri rekstrarafkomu ríkissjóðs á árinu. Óinnheimtar ríkistekjur jukust um 8,3 ma.kr. eða 9,3%. Aðrar skammtímakröfur jukust einungis um 152,0 m.kr. Hér er að stærstum hluta um að ræða kröfur A-hluta stofnana vegna innheimtu tekna (sjá einnig sundurliðaða töflu í viðauka).

3.1 Veltufjármunir A-hluta ríkissjóðs

Í m. kr.	2007	2006	mism.	%
Samtals	231.158	206.097	25.062	12,2%

Endurskoðun leiddi í ljós að í bókhaldi eru almennar viðskiptakröfur sem ekki hafa hreyfst milli ára. Að mati Ríkisendurskoðunar þarf Fjársýsla ríkisins að efla enn frekar yfirferð og afstemmingar viðskiptakrafna og taka þarf afstöðu til þess að hvaða marki kröfur sem ekki hreyfast milli ára skuli afskrifaðar.

3.3 Lífeyrisskuldbindingar

Lífeyrisskuldbindingar ríkisins eru vegna Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH). Um 82% lífeyrisskuldbindinga ríkissjóðs eru vegna B-deildar LSR en 9,4% vegna LH. Það sem eftir stendur eru skuldbindingar vegna eftirlauna æðstu embættismanna ríkisins og fyrrverandi starfsmanna Útvegsbanka Íslands.

Lífeyrissjóðirnir réðu tryggingastærðfræðing til að reikna út skuldbindingar þeirra í árslok 2007 og fékk Ríkisendurskoðun skýrslu hans. Var hún borin saman við uppgjör Fjársýslu ríkisins en að öðru leyti voru lífeyrisskuldbindingar ekki endurskoðaðar.

„Áfallnar lífeyrisskuldbindingar“ segja til um hvað ríkissjóður þyrfti að greiða háa fjárhæð ef sjóðurinn yrði leystur upp og gert upp við alla sjóðfélaga. Alls námu áfallnar lífeyrisskuldbindingar ríkissjóðs 230,6 ma.kr. í árslok 2007 samkvæmt mati tryggingastærðfræðings en voru 210,1 ma.kr. árið 2006. Hækkunin milli ára nam 9,8% sem er hlutfallslega sama hækkun og milli áranna 2005 og 2006. Hún skýrist m.a. af lakari raunávöxtun eigna lífeyrissjóðanna og því að ákveðið var að auka kostnaðarhlutdeild ríkissjóðs í skuldbindingum sjálfseignarstofnana í 30% í árslok 2007. Nýjar skuldbind-

ingar námu 41,5 ma.kr. en voru rúmlega 29,5 ma.kr. árið á undan. Með nýjum skuldbindingum er hér bæði átt við þann hluta sem fer til gjaldfærslu og hinn sem er færður á endurmat.

3.2 Áfallnar lífeyrisskuldbindingar A-hluta ríkissjóðs

Í m.kr.	2007	2006	Mism.
Samtals	230.629	210.098	20.531

Árið 1999 ákvað fjármálaráðherra að ríkissjóður skyldi hefja greiðslur inn á framtíðarskuldbindingar sínar við LSR og LH. Slíkar greiðslur námu í heild 5,8 ma.kr. árið 2007 sem er 0,8% lækkun miðað við árið á undan (sjá nánar töflu í viðauka).

3.4 Langtímaskuldir

Langtímaskuldir ríkissjóðs námu 296,8 ma.kr. í árslok 2007 og jukust um 11,3 ma.kr. frá fyrra ári. Innlendar skuldir og lífeyrisskuldbindingar hækkðu en erlend lán lækkðu. Hækkun innlendra skulda skýrist einkum af 26,9 ma.kr. lántöku vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

3.3 Langtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs

Í m.kr.	2007	2006	Mism.
Tekin löng innlend lán	142.425	110.346	32.079
Tekin löng erlend lán	154.351	175.177	-20.826
Samtals	296.776	285.523	11.253

3.4.1 Innlend langtímalán

Innlend fjármögnun ríkissjóðs fer fram gegnum óverðtryggð langtímaverðbréf (ríkisbréf), verðtryggð spariskírteini og önnur lán (sjá einnig sundurliðaða töflu í viðauka).

3.4 Innlend langtímalán A-hluta ríkissjóðs

Í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Ríkisbréf	94.987	89.829	5.158	5,7%
Spariskírteini	16.748	16.914	-166	-1,0%
Önnur lán	30.690	3.604	27.086	751,6%
Samtals	142.425	110.346	32.079	29,1%

Sala ríkisbréfa hefur aukist verulega undanfarin ár og eru þau nú langstærsti innlendi lánaflokkurinn. Skuld ríkissjóðs vegna þeirra nam um 99 ma.kr. í árslok 2007 ef tekið er tillit til affalla og áfallinna vaxta. Nýútgefin ríkisbréf á árinu námu 25,8 ma.kr. að nafnverði. Þegar afborganir eru dregnar frá hækkaði nettóskuld ríkisins vegna ríkisbréfa um 5,7 ma.kr. á árinu eða 6,1%.

Skuldir ríkissjóðs í spariskírteinum námu 16,7 ma.kr. í árslok 2007 miðað við 16,9 ma.kr. árið á undan. Lækkunin nam 166 m.kr. eða 1%. Stærsti flokkur spariskírteina sem enn er útistandandi var til 20 ára, útgefinn 1995 (sjá nánar töflu í viðauka).

Stærsti hluti liðarins önnur lán eru lán frá tveimur lífeyrissjóðum vegna kaupa ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun.

3.4.2 Erlend langtímalán

Erlend lán ríkissjóðs lækkuðu árið 2007 eða úr 175,2 ma.kr. árið á undan í 154,4 ma.kr. Lækkunin nemur 20,8 ma.kr. sem skýrist af uppgreiðslum erlendra lána umfram lántökur og hagstæðri gengisþróun. Gengishækkun íslensku krónunnar á árinu 2007 lækkaði erlendar skuldir ríkissjóðs um 9,8 ma.kr.

Erlend lán eru vistuð hjá Seðlabanka Íslands og annast hann umsýslu þeirra, m.a. sér endurskoðunardeild bankans um innri endurskoðun á þeim. Í greinargerð deildarinnar kemur fram að metin staða skiptasamninga var neikvæð í árslok 2007 um 151 m.kr. en sambærileg staða var jákvæð um 50 m.kr. árið á undan. Hjá Fjársýslu ríkisins hefur jafnan verið fylgt þeirri reglu að færa þessa skiptasamninga á kostnaðarverði þannig að þessar matsniðurstöður koma ekki fram í ríkisreikningi.

3.5 Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir ríkissjóðs eru kröfur aðila á ríkistekjur, ógreidd gjöld, áfallnir ógjaldfallnir vextir, tekin stutt lán (ríkisvixlar), næsta árs afborganir langtímalána og aðrar skammtímaskuldir. Í heild námu skammtímaskuldir 88,1 ma.kr. í árslok 2007 og er það 20,9 ma.kr. hækkun frá 2006 (sjá einnig sundurliðaða töflu í viðauka).

3.5 Skammtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs				
Í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Samtals	88.084	67.233	20.853	31,0%

Kröfur á rikistekjur eru skuldir rikissjóðs við ýmsa aðila sem eiga hlutdeild í mörkuðum tekjum og öðrum rekstrartekjum. Þær námu 678 m.kr. í árslok 2007 en 620 m.kr. árið áður og nemur lækkunin 9,4%. Ógreidd gjöld voru 13,1 ma.kr. í árslok 2007 en 10,2 ma.kr. árið áður. Hér er um að ræða ógreiddan almennan rekstrarkostnað við lánardrottna. Hækkun milli ára var 3,0 ma.kr. eða 29,1%.

Áfallnir ógjaldfallnir vextir námu 6,4 ma.kr. í árslok 2007. Þeir hækkðu frá árinu á undan um 1,0 ma.kr. sem skýrist að mestu af áföllnum vöxtum af ríkisbréfum. Aðrar skammtímaskuldir eru skuldir á almennum viðskipta-reikningum og má þar nefna ógreidda afdregna staðgreiðslu af launþegum í árslok.

4 Endurskoðun tekna ríkissjóðs

Uppgjör á tekjum ríkissjóðs árið 2007 var án verulegra annmarka að mati Ríkisendurskoðunar. Engu að síður gerði stofnunin athugasemdir við nokkur atriði og hafa sumar þeirra birst reglulega í skýrslum hennar á undanförunum árum án þess að úrbætur hafi verið gerðar.

Við endurskoðun á tekjum ríkissjóðs var áhersla lögð á þrjú meginviðfangs-efni: Í fyrsta lagi útreikning á stofnum vegna niðurfærslu útistandandi krafna í árslok, í öðru lagi endurskoðun á uppgjöri tryggingagjalds og í þriðja lagi endurskoðun á uppgjöri virðisaukaskatts.

Að auki voru tekjukerfi afstemmd við bókhaldskerfið, gerður samanburður milli ára, greindar eftirstöðvar og skoðaðar afskriftir. Aflað var ytri staðfestinga á tekjum þar sem það var talið nauðsynlegt. Þá var lagt sérstakt mat á eftirstöðvar dráttarvaxta og álags og tekjur af þeim lækkaðar með hliðsjón af mögulegri innheimtu.

Þróun áætlana í virðisaukaskatti og opinberum gjöldum var tekin til sérstakrar skoðunar og sömuleiðis álagning fjármagnstekjuskatts. Þá er sérstaklega fjallað um skattstyrki og skýrt frá helstu niðurstöðum úr skýrslu Ríkisendurskoðunar um skuldbreytingar og nauðsamninga.

4.1 Tekjur, innheimta og eftirstöðvar 2007

Heildartekjur ríkissjóðs á árinu 2007 námu 486,1 ma.kr. samanborið við 422,0 ma.kr. á árinu 2006 og nemur aukningin 15,2%. Tekjurnar skiptast þannig að skatttekjur og tryggingagjöld námu 408,5 ma.kr., aðrar tekjur 41,4 ma.kr., endurmat á virði Landsvirkjunar og fleiri aðila 14,8 ma.kr. og sala eigna og fjárframlög 15,2 ma.kr.

4.1 Tekjur ríkisins 2007					
Í m.kr.	Eftirst. í ársbyrjun	Tekjur ársins	Innheimt á árinu	Afskrifað á árinu	Eftirst. í árslok
Skatttekjur og trygg.gj.	79.387	408.521	-395.384	-6.812	85.710
Aðrar tekjur	10.029	41.356	-37.354	-2.098	11.933
Sala eigna	0	14.342	-14.263	0	79
Hagnaður af pen.l. eign	0	20.983	-20.983	0	0
Fjárframlög	29	927	-927	0	29
Samtals	89.445	486.129	-468.911	-8.910	97.751

Til innheimtu á árinu voru 566,7 ma.kr. og upp í þá fjárhæð innheimtust 468,9 ma.kr. eða 82,7% (sjá nánar sundurliðaða töflu í viðauka). Ef endurmat á virði Landsvirkjunar og Flugstoða er undanskilið nam innheimtuhlutfallið 82,3% sem er 2,2 prósentustigum betra hlutfall en árið 2006. Innheimtuhlutfall tekjuskatts var 82,0% sem er nánast sama hlutfall og árið áður. Innheimtuhlutfall virðisaukaskatts var 85,1% sem er 0,8 prósentustigum betra hlutfall en árið 2006. Innheimtuhlutfall tryggingagjalds nam 89,2 sem er svipað hlutfall og á árinu 2006.

Bókfærðar eftirstöðvar ríkistekna, þ.e. eftirstöðvar að teknu tilliti til niðurfærslu, hækkuðu á árinu 2007 um 8,3 ma.kr. (9,3%) og námu 97,8 ma.kr. í árslok 2007. Af þeirri fjárhæð eru um 47,9 ma.kr. ógjaldfallnar eftirstöðvar. Gjaldfallnar eftirstöðvar í árslok námu því 49,9 ma.kr. og hækkuðu um 5,8 ma.kr. (13,0%) frá fyrra ári.

4.2 Beinar afskriftir

Beinar afskriftir ríkissjóðstekna á árinu 2007 námu 7,2 ma.kr. samanborið við 8,3 ma.kr. árið 2006. Kröfur á hendur 2.637 einstaklingum og 1.126 lögaðilum voru afskrifaðar. Þetta er talsvert minni afskriftir en árið 2006 en þá voru sambærilegar tölur 3.904 og 1.907.

Afskriftir hjá einstaklingum eru að stærstum hluta vegna fyrninga. Ef ófyrndar kröfur eru afskrifaðar er ýmist um að ræða nauðasamninga eða að gjaldandi er látinn. Þó eru atvinnurekandagjöld oft afskrifuð að undangengnum gjaldþrotaskiptum. Tekið var úrtak af afskrifuðum kröfum, yngri en fjögurra ára, á hendur einstaklingum á árinu 2007. Að stærstum hluta var um að ræða afskriftir á dánarbúum en einnig vegna nauðasamninga og gjaldþrots.

Ástæða afskrifta hjá lögaðilum er ýmist sú að gjaldþrotaskiptum er lokið eða að staðið hefur verið við nauðasamninga. Ríkisendurskoðun tók úrtak afskrifta hjá lögaðilum og kannaði forsendur þeirra. Í öllum tilvikum var gjaldþrotaskiptum lokið og lögaðilinn afmáður úr fyrirtækjaskrá. Rúmur helmingur af þeim fyrirtækjum sem afskrifað var hjá á árinu voru stofnuð á árunum 2000-2005 (sjá nánar töflu í viðauka).

4.3 Óbeinar afskriftir (niðurfærsla)

Niðurfærsla krafna í árslok 2007 var tvíþætt. Annars vegar var um að ræða skuldir aðila sem eru í gjaldþrotaskiptum. Þessar kröfur voru færðar niður um 80% (niðurfærsla 1). Hins vegar var um að ræða kröfur þar sem önnur innheimtumerking er til staðar, fyrst og fremst fjárnámsmerkingar. Þessar kröfur voru almennt færðar niður um 75% (niðurfærsla 2). Undantekning frá þessu eru kröfur sem urðu til á árinu 2007 og voru jafnan færðar niður um 40%.

4.2 Niðurfærðar eftirstöðvar höfuðstóls í árslok 2007

í m.kr.	Staða í ársbyrjun	Staða í árslok
Staða skv. uppgjöri	58.227	65.060
- bakf. niðurf. höfuðst. í VSK	-11.200	-11.100
- bakf. niðurf. dráttarv. í VSK	-10.350	-10.200
- sérstök leiðr. á álagi og dráttarv.	4.352	5.905
Staða niðurfærslu í árslok	41.029	49.665

Stofn til niðurfærslu eftirstöðva ríkissjóðstekna nam í árslok 2007 103,0 ma.kr., þar af var höfuðstóll 57,8 ma.kr. Stofninn hækkaði um 12,3% frá fyrra ári. Staða niðurfærslureiknings í árslok, miðað við ofangreindar reglur ætti að nema 65,0 ma.kr. en nam samkvæmt bókhaldi 35,1 m.kr. Skýringar er að leita í sérstökum leiðréttingum á uppgjöri virðisaukaskatts, opinberra gjalda og dráttarvaxta, sem vikið er að síðar.

4.4 Tryggingagjald

Staðgreiðsluskylt tryggingagjald árið 2007 var 5,34% og lækkaði um 0,45 prósentustig frá fyrra ári. Sérregla á þó við um laun sjómanna á fiskiskipum en þar bætist við sérstök 0,65% trygging.

4.3 Skipting tryggingagjalds á rétthafa 2007

í m.kr.	Est 1/1	Tekjur	Afskriftir	Innheimt	Est 31/12
Atvinnuleysistryggingasj.	517	4.775	-28	-4.692	572
Trygg.sj. sj.starf. einst.	1	15	0	-15	1
Ábyrgðasjóður launa	73	752	-8	-733	84
Fæðingarorlofssjóður	853	8.066	-77	-7.911	931
Lífeyris- og slysa-trygg.	3.237	25.934	-269	-25.741	3.161
Lífeyrissjóðir, SA og ASÍ	0	1.090	-5	-971	114
Slysatrygging sjómanna	19	52	0	-58	13
	4.700	40.684	-387	-40.121	6
Útflutningsráð	40	374	-4	-367	44
Staðlaráð	6	52	-1	-51	6
Vinnueftirlit ríkisins*	2	0	0	0	2
Icepro	1	7	0	-7	1
	4.749	41.117	-392	-40.546	4.929

*Hlutdeild Vinnueftirlitsins féll niður í ársbyrjun 2006

Með lögum nr. 177/2006 voru gerðar þær breytingar á lögum um tryggingagjald að inn kom nýr kafli „Jöfnun örorkubyrði lífeyrissjóðs“. Markmið

laganna er að stuðla að því að mismunandi örorkubyrði lífeyrissjóðs verði jöfnuð. Til að ná því markmiði skal ríkissjóður veita fjárframlag til lífeyrissjóða sem skal nema 0,025% af gjaldstofni tryggingagjalds. Skipting framlagsins á milli lífeyrissjóðs byggir á meðaltalshlutfalli tveggja þátta, annars vegar hlutdeild í heildarörorkulífeyrisgreiðslum og hins vegar hlutdeild í skuldbindingu lífeyrissjóða til greiðslu örorkulífeyris umfram 10% af heildarörorkulífeyrisskuldbindingu sjóðanna í framtíðinni.

Í bráðabirgðaákvæði er kveðið á um að framlagið árið 2007 skuli vera 0,15% af gjaldstofni tryggingagjalds og skal framlagið á árunum 2007–2009 eingöngu renna til lífeyrissjóðs á samningssviði Samtaka atvinnulífsins og Alpýðusambands Íslands. Framlagið á árinu 2007 nam 958,1 m.kr.

4.5 Virðisaukaskattur

Tekjur af virðisaukaskatti námu 137,7 ma.kr. á árinu 2007 og jukust um 5,6 ma.kr. frá fyrra ári. Endurskoðun virðisaukaskatts beindist einkum að meðferð áætlana í uppgjöri fyrir árið 2007. Við uppgjör ársins 2007 var ákveðið að leiðréttu uppgjör virðisaukaskatts með því að tekjufæra ekki 15,7 ma.kr. af álagningu höfuðstóls sem er 98% af áætlunum skattfirvalda. Samsvarandi leiðréttingar voru gerðar á álagi og dráttarvöxtum.

4.4 Uppgjör virðisaukaskatts 2007, höfuðstóll

Í m.kr.	Est 1/1	Tekjur	Afskriftir	Innheimt	Est 31/12
Uppgjör skv.					
tekjubókhaldi	42.315	138.439	-2.241	-135.693	42.820
Leiðrétt v/áætlana	-15.000	-700			-15.700
	27.315	137.739	-2.241	-135.693	27.120
Óbein afskrift	-2.984	280	-698	0	-3.402
Endurgreiðslur o.fl.	1	-297	-1	293	-4
Skv. bókhaldi	24.332	137.722	-2.940	-122.357	23.714

Í árslok 2007 voru 33.175 virk virðisaukaskattsnúmer á skrá og fækkaði þeim lítillega frá fyrra ári. Skráð einkahlutafélög voru 17.248 og fjölgaði um rúmlega 1.300 milli ára. Einstaklingar með virðisaukaskattsnúmer voru 12.601 og fækkaði um 1.000 frá fyrra ári. Á árunum 2000–2007 var að meðaltali 4.000 virðisaukaskattsnúmerum lokað á hverju ári. Könnuð var skuldastaða þeirra sem voru með virk virðisaukaskattsnúmer í árslok 2007. Gjaldfallnar skuldir þeirra, án dráttarvaxta, námu í heild 10,1 ma.kr. og lækkuðu um 2,0 ma.kr. frá fyrra ári (sjá nánar töflu í viðauka).

Ef skuldir eftir atvinnugreinum eru skoðaðar kemur í ljós að um 37% eftirstöðvanna tengdust aðilum í byggingariðnaði og hækkaði það hlutfall umtalsvert frá fyrra. ári. Veruleg hættu er á því að stór hluti þessara krafna sé tapaður vegna þeirra erfiðleika sem nú steðja að í byggingariðnaði.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum gert athugasemdir við álagningu og innheimtu virðisaukaskatts og lagt fram tillögur til úrbóta. Meðal annars hefur verið lagt til að nýtt verði ákvæði hlutfélagalaga og einkahlutfélagalaga til að afskrá fyrirtæki sem ekki eru í rekstri. Einnig að virðisaukaskattsnúmerum þeirra aðila sem ekki skila virðisaukaskattsskýrslu og gera skil í samræmi við þær verði lokað. Enn fremur telur stofnunin koma til greina að birta þessar upplýsingar opinberlega, t.d. í Lögbirtingarblaðinu, þar sem slíkt gæti haft fælingaráhrif og einnig stuðlað að því að atvinnulífið dragi úr eða hætti viðskiptum við þessa aðila. Þá hefur verið bent á að skattyfirvöld og innheimtumenn hafa takmörkuð úrræði þegar kemur að því að fást við þessi vanskil sérstaklega þegar um er að ræða einstaklinga í rekstri sem hafa í raun enga starfstöð til að loka. Sama á við um mörg einkahlutafélög.

Framangreindar breytingar eru nauðsynlegar til að hægt sé að meta tekjur ríkissjóðs með traustari hætti en nú er mögulegt og einnig til að auðvelda innheimtumönnum að greina þau fyrirtæki sem líkleg eru til að geta greitt skuldir sínar. Nú er það erfitt vegna fjölda fyrirtækja sem sannanlega eru ekki í rekstri en fá samt gjaldaáætlanir.

4.6 Áætlanir opinberra gjalda

Á árinu 2007 voru skattstofnar og skattar 14.499 einstaklinga áætlaðir og fjölgaði þeim um 862 frá fyrra ári eða um 6,3%. Áætlaður tekjuskattstofn nam um 47,8 ma.kr. að meðtöldu álagi. Þessar áætlanir hafa hlutfallslega mikil áhrif á tekjufærslur ríkissjóðstekna, sérstaklega dráttarvexti og til hækkunar á eftirstöðvum.

4.5 Álagður og áætlaður tekjuskattur einstaklinga 2004–2007

Í m.kr.	2004	2005	2006	2007
Tekjuskatts- og útsvarstofn	483.344	526.822	582.278	657.519
- þar af áætlaður stofn	26.240	39.088	39.061	44.630
Hlutfall áætlunar	5,4%	7,4%	6,7%	6,8%

Heimild: *Tíund*, ágúst 2007

Samkvæmt upplýsingum frá ríkisskattstjóra voru 18,6% lögaðila með áætluð gjöld árið 1996. Á árinu 2007 var þetta hlutfall komið í 31,4%. Það þýðir að

tæpur þriðjungur félaga skilar ekki framtali innan tilskilins frests og hlýtur það að teljast óásættanlegt. Samfara mikilli fjölgun félaga á skattgrunnskrá hefur hlutfall félaga sem ekki skila innan tilskilins frests farið hækkandi.

Fjöldi aðila, bæði einstaklingar og lögaðilar fá áætlun ár eftir ár. Rúmlega 1.800 lögaðilar og tæplegar 1.500 einstaklingar hafa fengið áætlun samfellt í fjögur ár. Hjá flestum þeirra eru hafnar innheimtuaðgerðir. Stærstur hluti þessara krafna myndar því stofn til niðurfærslu á hverju ári og hefur því ekki áhrif á tekjufærslu uppgjörssárs. Þetta veldur einnig því að umtalsverðar fjárhæðir áætlana eru afskrifaðar á hverju ári.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisskattstjóri voru 18,3 ma.kr. tekjuskattur lagður á einkahlutafélög en þar af voru 8,6 ma.kr. eða 47,2% byggðir á áætlun. Telur ríkisskattstjóri að skýra megi þetta hlutfall með því að oft verði minna úr áformum þessara félaga en til stóð og í raun séu mörg þeirra ekki starfandi en engu að síður framtalsskyld og sæti því áætlun. Þrátt fyrir ívilnandi ákvæði einkahlutafélagalaga hefur þeim félögum sem ekki eru í rekstri ekki fækkað. Ívilnunin felur í sér að ekki þarf að skipa skilanevnd við slit einkahlutafélags að uppfylltum ákveðnum skilyrðum. Þá hefur ekki verið beitt því ákvæði í einkahlutafélagalögum sem heimilar (viðskiptaráðuneytinu) að slíta félagi við tilteknar aðstæður.

Í tekjubókhalddi ríkisins er ekki hægt að greina á milli áætlana í opinberum gjöldum og álagningar samkvæmt skýrslum eins og gert er í virðisaukaskatti. Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að hægt sé að sérgreina áætlanir í tekjubókhalddskerfinu, ekki aðeins í virðisaukaskatti og opinberum gjöldum heldur einnig í öðrum sköttum þar sem áætlanir vega þungt í tekjufærslunni og geta valdið skekkjum í mati á innheimtanlegum eftirstöðvum.

4.7 Dráttarvextir og álag

Álagðir dráttarvextir og álag vegna vanskila opinberra gjalda námu um 18,5 ma.kr. árið 2007. Þar af innheimtust einungis 3,9 ma.kr. á árinu. Við uppgjör ríkisreiknings fyrir árið 2007 var ákveðið að endurmeta þessar tekjur með sama hætti og gert var í ríkisreikningi 2006, þ.e. með hliðsjón af innheimtu. Við þetta endurmat lækkuðu þær um 13,5 ma.kr. í 4,9 ma.kr.

Að mati Ríkisendurskoðunar hafa tekjur af dráttarvöxtum og álagi verið umtalsvert ofmetnar á undanförunum árum. Í lok árs 2007 námu eftirstöðvar þessara tekna 43,6 ma.kr. samkvæmt tekjubókhalddi ríkisins. Við endurmat var þessi fjárhæð færð niður um 39,7 ma.kr. sem þýðir að eftirstöðvar teljast nú 3,9 ma.kr. samkvæmt aðalbókhalddi.

4.8 Sértekjur stofnana

Með sértekjum er átt við tekjur ríkisstofnana af markaðstengdri þjónustu sem einstaklingar eða lögaðilar nýta að eigin vali og ekki er skylt að lögum að greiða fyrir. Sértekjur eru þannig tengdar eða háðar starfsemi þeirra stofnana sem inna þjónustuna af hendi.

Alls voru bókaðar sértekjur hjá 319 fjárlagaliðum árið 2007 og námu þær samtals 31,8 ma.kr. Það er 9,5 ma.kr. meira en gert var ráð fyrir í fjárlögum og fjárukalögum. Hjá 83 liðum af þessum 319 námu bókaðar sértekjur samtals 1,2 ma.kr. Þó ekki hafi verið gert ráð fyrir neinum sértekjum í fjárlögum. Þetta er sami fjöldi og árið á undan en sértekjur eru 0,5 ma.kr. lægri. Þá er ekki síður athyglisvert að mörg dæmi eru um að sértekjur séu mun lægri en fjárheimildin.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum margsinnis vakið athygli á því mikla ósamræmi sem er á milli reiknings og fjárheimilda, sbr. töflu 4.6. Einnig telur stofnunin að skilgreining sértekna hjá fjölmörgum stofnunum sé ekki í samræmi við fjárreiðulög. Til dæmis má nefna að innbyrðis framlög A-hluta stofnana, leigutekjur af húsnæði í eigu ríkisins, vextir af innistæðum og framlög til rekstrar og fjárfestinga hafa ranglega verið færð sem sértekjur hjá stofnunum. Ríkisendurskoðun áréttar þá skoðun að taka beri skilgreiningu sértekna hjá stofnunum ríkisins til endurskoðunar þannig að flokkun þeirra í ríkisreikningi og fjárlögum sé í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga.

4.6 Dæmi um frávik sértekna frá fjárheimildum 2007

Í m.kr.	Reikningur	Fjárheimild	Frávik
Háskóli Íslands	3.435	1.836	1.599
Landspítali – Háskólasjúkrahús	2.804	1.800	1.004
Fasteignir ríkissjóðs	2.514	1.877	637
Lögr.stj. á Suðurnesjum og sýslum. á Keflav.flugv.	723	365	358
Öldrunarstofnanir almennt	502	291	211
Háskólinn á Akureyri	330	127	203

4.9 Sala efnislegra eigna

Árið 2007 námu tekjur ríkissjóðs af sölu efnislegra eigna alls 14,3 ma.kr. Þar af nam sala mannvirkja á fyrrum varnarsvæði við Keflavíkurflugvöll 12,8 ma.kr. Í desember 2006 gerði ríkissjóður þjónustusamning við Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf. þar sem félaginu var m.a. falið að ráðstafa eignum með sölu, leigu eða niðurrifi. Seldar voru eignir til sex aðila.

4.7 Sala efnislegra eigna 2007

Í m.kr.	Söluv. skv. samn.	Kostnaður v/raflagna	Tekjufært í ríkisreikningi
Háskólagarðar ehf	7.482	-1.011	6.472
HV1 ehf	4.445	-664	3.781
HV2 ehf	1.590	-198	1.391
Base ehf	715	0	715
Keilir ehf	320	0	320
Kirkjumálasjóður	155	0	155
Samtals	14.707	-1.873	12.834

Félagið Atlantic Film Studios gerði tilboð í 12 fasteignir upp á samtals 575 m.kr. en ekki var gengið frá kaupsamningi fyrir árslok 2007. Endurgreiðslur veittra lána vegna sölunnar falla til á árunum 2007 til 2011. Lánin breytast í samræmi við vísitölu neysluverðs, þó að hámarki um 3% á ári, en bera ekki vexti.

Í skýrslu Ríkisendurskoðunar um Þróunarfélag Keflavíkurflugvallar ehf., sem birt var í mars 2008, koma fram athugasemdir sem lúta að meðferð kostnaðar vegna framkvæmda við raflagnir á svæðinu. Ríkisendurskoðun taldi að vegna umfangs framkvæmdanna hefði félagið hefði átt að efna til útboðs en það var ekki gert heldur samið við kaupandann um að annast þær. Einnig fann stofnunin að því að gert skyldi ráð fyrir því að greiðslur til kaupandans vegna framkvæmdanna á árunum 2008 og 2009 yrðu óháðar framvindu þeirra.

Þróunarfélagið leit hins vegar svo á að um væri að ræða endurgreiðslu á ákveðnum hluta kaupverðs fremur en beina verklega framkvæmd og því gæti ekki verið um útboðsskyldu að ræða.

Þá komu upp álitæfni varðandi bókun á sölu þeirra eigna þar sem seljandi tók ábyrgð á kostnaði við raflagnir. Í kautilboði segir m.a. að seljandi muni greiða kaupanda tæplega 2 ma.kr. til að mæta kostnaði sem leiði af breytingum á raflögnum og verði þær greiðslur inntar af hendi á móti greiðslum kaupanda á árunum 2008 og 2009. Kom því til álita að gjaldfæra sérstaklega þennan kostnað. Niðurstaðan varð hins vegar sú að þar sem ábyrgð á endurbótum flyst til kaupanda ætti, í samræmi við uppgjorsreglur, að líta á endurgreiðslur seljanda sem afslátt vegna þessa ágalla eða kvaða á eignunum.

4.10 Skattastyrkir (-afslættir)

Samkvæmt 10. gr. fjárreiðulaga skal draga þá skattaafslætti sem ekki eru útborganlegir frá tekjum. Þeir skulu þó sýndir sérstaklega í tekjufirliti

ríkisreiknings. Útborganlega skattaafslætti og bætur skal færa til gjalda. Sem dæmi um slíka afslætti má nefna barnabætur og vaxtabætur. Aðrir skattaafslættir eru almennt dregnir frá tekjum og ekki sýndir sérstaklega. Má þar nefna ýmsar undanþágur og greiðslufrestur við innflutning. Þá er einnig um að ræða skattaafslætti sem ekki eru útborganlegir og falla niður ef þeir eru ekki nýttir, t.d. persónu- og sjómannaafsláttur.

Skattastyrkjum má skipta í fimm flokka eftir eðli:

- *Skattafrádráttur*: tekjur undanskyldar skattstofni
- *Styrkur*: frádráttarliðir frá skattstofni til að nálgast skattskyldar tekjur
- *Afsláttur*: skattastyrkir eða skattaafsláttur sem kemur til lækkunar á skattkröfu
- *Breytt skatthlutfall*: skatthlutfall lækkað hjá ákveðnum hópi skattgreiðanda eða á ákveðin viðskipti
- *Skattfrestun*: undanþága sem byggir á frestun skattgreiðslan

Samkvæmt ríkisreikningi námu skattastyrkir 13,6 ma.kr. á árinu 2007. Eins og að ofan greinir skal einungis sýna í ríkisreikningi þá skattaafslætti sem ekki eru útborganlegir. Stærstu einstöku liðirnir koma fram í töflu 4.8.

4.8 Stærstu einstakir liðir skattastyrkja 2007 (í m.kr.)

Endurgr. vsk. vegna starfsemi opinberra aðilla	4.027
Endurgr. vsk. vegna íbúðarhúsnæðis	4.281
Sjómannaafsláttur	1.130
Endurgr. vsk vegna starfsemi A-hluta ríkissjóðs	995
Tekjuskattur, ívilnun vegna barna	429
Bifreiðagjöld, öryrkjar, bótaþegar	299
Vörugjald af ökutækjum	603
Fornbilar - bifreiðagjald	138

Ljóst er af yfirlitinu að ekki falla allir liðir þess að skilgreiningu fjárreiðulaga. Endurgreiðslur virðisaukaskatts eru útborganlegir skattastyrkir og ættu samkvæmt skilgreiningunni ekki að teljast með. Aðrir liðir falla undir skilgreininguna.

Nýlega skilaði vinnuhópur á vegum Evrópusamtaka ríkisendurskoðana (EUROSAI) skýrslu um gagnsæi skattastyrkja hjá aðildarþjóðunum. Helstu niðurstöður hópsins voru þær að veikleikar séu í löggjöf sem snýr að skattaafsláttum. Markmið séu of almennt orðuð og því sé ekki hægt að meta

hvort þeim hafi verið náð. Þá sé mjög misjafnt hversu vel sé gerð grein fyrir kostnaði og ávinningi þess að veita skattaafslætti. Yfirleitt sé gildistími afsláttu ekki ákveðinn sem takmarki möguleika á reglubundnu endurmati á áhrifum þeirra.

Að mati hópsins þarf löggjafinn í hverju landi að móta skýr, skilgreind og mælanleg markmið um skattaafslætti. Gildistími skattaafsláttu verði í öllum tilvikum takmarkaður. Þá leggur hópurinn til að stjórnvöld í hverju landi birti reglulega upplýsingar um alla skattaafslætti, kostnað við framkvæmd og eftirlit og það tekjutap sem þeir leiða af sér. Þannig verði stuðlað að auknu gagnsæi þeirra.

Ríkisendurskoðun telur að Alþingi þurfi að kanna möguleika þess að setja sérstaka löggjöf um skattastyrki í samræmi við tillögur vinnuhópsins.

4.11 Skuldbreytingar og nauðasamningar

Samkvæmt 3. og 4. mgr. 113. gr. laga um tekjuskatt og eignarskatt (nr. 90/2004) er fjármálaráðherra heimilt, að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar, að samþykkja skuldbreytingu á opinberum gjöldum eða nauðasamningi gjaldanda við innheimtumann að uppfylltum tilteknum skilyrðum.

Aðeins ein beiðni einstaklings barst um nauðasamning á árinu 2007 og var hún samþykkt af fjármálaráðuneytinu að fenginni umsögn Ríkisendurskoðunar. Ekki var gengið frá þessum nauðasamningi fyrir árslok 2007.

Ríkisendurskoðun bærust þrjú erindi til umsagnar vegna beiðna um skuldbreytingu opinberra gjalda á árinu 2007. Fjármálaráðuneytið samþykkti eina beiðni hjá einstaklingi en tveimur var hafnað. Niðurstaða ráðuneytisins var í samræmi við umsagnir Ríkisendurskoðunar. Skuldabréfið er að fjárhæð 3,1 m.kr. og er til 10 ára með mánaðarlegum afborgunum. Skuldabréfið er tryggt með 2. veðrétti í fasteign auk sjálfskuldarábyrgð þriðja aðila.

Á undanförunum árum hefur beiðnum um skuldbreytingu opinberra gjalda fækkað verulega. Sem dæmi má nefna að á árinu 1990 var samþykkt skuldbreyting hjá 23 aðilum og 24 árið 1991. Síðan hefur þeim fækkað stöðugt og verið á bilinu þrjár til fimm á ári frá árinu 1995. Árin 1998 og 2001 bærust engar beiðnir um skuldbreytingar. Á árinu 2003 bærust beiðnir frá aðeins tveimur embættum af 25. Á árunum 2004 og 2005 barst ein beiðni um skuldbreytingu hvort ár og sex beiðnir árið 2006.

Nauðasamningar hafa einnig verið tiltölulega fáir á liðnum árum. Árið 1999 voru samþykktir tveir nauðasamningar og þrír árið eftir. Aðeins einn var samþykktur árið 2001 en fjórir árið 2002. Á árunum 2003 og 2004 var mælt með fimm samningum hvort ár og árið 2005 var mælt með fjórum nauðasamningum. Á árinu 2006 barst aðeins ein beiðni. Þó að fjármálaráðuneytið samþykki að taka þátt í nauðasamningi er ekki víst að hann nái fram að ganga þar sem hann þarf að vera staðfestur af héraðsdómi.

5 Endurskoðun ráðuneyta og stofnana

Almennt telur Ríkisendurskoðun að bókhald og fjárreiður ráðuneyta og stofnana séu í góðu horfi. Engu að síður voru gerðar nokkrar athugasemdir sem sumar hafa birst reglulega í skýrslum Ríkisendurskoðunar um árabíl. Er hér einkum átt við athugasemdir við framkvæmd fjárlaga en líkt og undanfarin ár voru margar stofnanir með annað hvort of- eða vannýttar fjárheimildir í árslok 2007.

5.1 Framkvæmd endurskoðunar

Fjárlagaliðir í A-hluta ríkissjóðs voru samtals 482 árið 2007. Þar af endurskoðaði Ríkisendurskoðun eða aðilar á hennar vegum 305 eða 63%. Í þessu sambandi má geta þess að nokkur hluti fjárlagaliða kveður á um framlög til aðila utan ríkiskerfisins sem stofnunin annast ekki reglubundna fjárhagsendurskoðun hjá.

Endurskoðað var með samræmdum hætti. Horft var til fyrirfram ákveðinna atriða og aðgerða. Stofnanir ríkisins eru ýmist í greiðslu- og bókhaldsþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins eða með eigin fjárvörslu og bókhald. Þær fyrnefndu eru alla jafna með litla veltufjármuni nema þá sem tengjast sértekjum þeirra. Að mati Ríkisendurskoðunar er meiri áhætta tengd þeim síðarnefndu og leggur stofnunin því að jafnaði meiri áherslu á að endurskoða þær.

Tafla 5.1 sýnir rekstrarniðurstöðu ráðuneytanna árið 2007. Meðal annars er sýnd samanlögð fjárhæð þeirra fjárlagaliða hvers ráðuneytis sem voru með halla (frávik yfir), þeirra liða sem voru með afgang (frávik undir) og samanlagt frávik gjalda frá fjárheimildum.

5.1

Rekstrarniðurstaða ráðuneyta 2007*

Fjárhæðir í m.kr.	Fjöldi fjárl.liða	Gjöld – sért.	Fjárheimild	Frávik yfir	Frávik undir	Frávik nettó	Frávik %
Æðsta stjórn ríkisins	7	3.416	3.672	-16	271	256	7,0
Forsætisráðuneyti	14	1.196	1.781	-8	593	585	32,9
Menntamálaráðuneyti	97	48.456	50.030	-1.757	3.330	1.573	3,1
Utánríkisráðuneyti	11	10.202	12.363	-107	2.268	2.161	17,5
Landbúnaðarráðuneyti	28	14.800	15.474	-643	1.317	674	4,4
Sjávarútvegsráðuneyti	18	3.126	4.234	-2	1.110	1.108	26,2
Dómsmálaráðuneyti	62	22.281	23.192	-780	1.691	911	3,9
Félagsmálaráðuneyti	34	35.299	35.941	-449	1.091	641	1,8
Heilbrigðisráðuneyti	107	145.201	151.180	-1.697	7.677	5.980	4,0
Fjármálaráðuneyti	39	54.656	43.702	-15.711	4.757	-10.954	-25,1
Samgönguráðuneyti	17	24.475	28.474	-37	4.037	4.000	14,0
Iðnaðarráðuneyti	18	4.574	5.646	-116	1.188	1.072	19,0
Viðskiptaráðuneyti	9	1.724	1.974	0	250	250	12,7
Hagstofa Íslands	1	628	613	-15	0	-15	-2,4
Umhverfisráðuneyti	19	5.270	6.978	-391	2.099	1.708	24,5
Fjármagnskostnaður	1	22.220	21.808	-413	0	-413	-1,9
Samtals	482	397.524	407.062	-22.141	31.678	9.538	2,3

* Framsetning fjárheimilda er með sama hætti og í ríkisreikningi 2007. Fjárheimildir hafa ekki verið hækkaðar eða lækkaðar til samræmis við frávik ríkistekna frá áætlun fjárlaga enda lokafjárlög fyrir árið 2007 ekki verið samþykkt.

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun til viðbótar við hefðbundna fjárhagsendurskoðun kannað sérstaklega ýmsa þætti í rekstri stofnana. Að þessu sinni var hugað að þremur slíkum áhersluatriðum. Í fyrsta lagi meðhöndlun fylgiskjala hjá stofnunum í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslu ríkisins, í öðru lagi hvernig staðið er að stefnumörkun og innleiðingu eigin upplýsingakerfa og í þriðja lagi fyrirkomulagi ræstinga og öryggisgæslu húsnæðis. Fjallað er um niðurstöður þessara athugana í kafla 5.4 hér á eftir.

5.2 Helstu niðurstöður og athugasemdir

Almennt telur Ríkisendurskoðun að bókhald og fjárreiður séu í góðu horfi hjá stofnunum A-hluta ríkissjóðs. Þó eru margir fjárlagaliðir með annað hvort of- eða vannýttar fjárheimildir. Samtals stóðu 264 (55%) liðir með afgang en 72 (15%) með halla umfram 4% af fjárheimild í árslok 2007.

Ríkisendurskoðun hefur á undanförunum árum margsinnis vakið athygli á hallarekstri stofnana og hvatt stjórnvöld til að bregðast við í samræmi við ákvæði fjárreiðulaga og reglugerðar um framkvæmd fjárlaga og ábyrgð á fjárreiðum ríkisstofnana í A-hluta. Jafnframt hefur stofnunin hvatt til þess að mótaðar verði skýrar reglur um meðferð ónýtttra fjárheimilda.¹

¹ Sjá *Framkvæmd fjárlaga árið 2007 og ársáætlunir 2008*. Ríkisendurskoðun, apríl 2008.

Í töflu 5.2 kemur fram hve margir fjárlagaliðir voru með annað hvort of- eða vannýttar fjárheimildir umfram 4% í árslok 2007.

5.2 Fjárlagaliðir með of- eða vannýttar fjárheimildir í árslok 2007

	Fjöldi	Þar af með afg. umfr. 4%	Þar af með halla umfr. 4%
Æðsta stjórn ríkisins	7	6	1
Forsætisráðuneyti	14	11	1
Menntamálaráðuneyti	97	51	23
Utánríkisráðuneyti	11	8	1
Landbúnaðarráðuneyti	28	12	9
Sjávarútvegsráðuneyti	18	14	0
Dómsmálaráðuneyti	62	38	8
Félagsmálaráðuneyti	34	14	3
Heilbrigðisráðuneyti	107	40	18
Fjármálaráðuneyti	39	27	1
Samgönguráðuneyti	17	13	2
Iðnaðarráðuneyti	18	14	1
Viðskiptaráðuneyti	9	6	0
Hagstofa Íslands	1	0	0
Umhverfissráðuneyti	19	10	4
Fjármagnskostnaður	1	0	0
Samtals	482	264	72

Að auki voru gerðar athugasemdir sem lutu að öðrum atriðum en framkvæmd fjárlaga:

- Fyrir kemur að hallarekstur stofnana sé fjármagnaður að hluta með yfirdrætti á bankareikningi en slíkt er óheimilt samkvæmt reglum fjármálaráðuneytisins.
- Athugasemdir voru gerðar hjá fáeinum stofnunum við afstemmingar bankareiknings innan ársins.
- Fundið var að því hjá nokkrum stofnunum að staða viðskiptamanna í bókhaldi hafði ekki verið stemmd af við viðskiptayfirlit frá birgjum.
- Athugasemdir voru gerðar við innheimtu eða uppgjör viðskiptakrafna hjá nokkrum stofnunum.
- Hjá fáeinum stofnunum var gerð athugasemd við skráningu launagreiðslna eða viðveru eða vegna annarra mála er varða launa- og starfsmannakostnað. Almennt er ástand þessara mála þó í lagi að mati Ríkisendurskoðunar.
- Hjá nokkrum stofnunum var bent á veikleika í innra eftirliti, einkum að sami aðili annist bæði bókhald og fjármál. Smæð margra ríkisstofnana gerir raunar erfitt að koma á aðgreiningu slíkra starfa nema með því að stofnanir nýti sér bókhalds- og greiðsluþjónustu Fjársýslunnar.

5.2.1 Niðurstöður fyrir einstök ráðuneyti

Æðsta stjórn ríkisins

Gjöld æðstu stjórnar ríkisins umfram sértekjur námu alls 3,4 ma.kr. og hækkuðu um 666 m.kr. frá fyrra ári eða 24,2%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 235 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs námu 3,7 ma.kr. og varð uppsafnaður afgangur því 256 m.kr.

Af 7 fjárlagaliðum sem heyra undir æðstu stjórn ríkisins voru 6 endurskoðaðir. Ein liður var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.3 Æðsta stjórn ríkisins – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	1
Aðrar athugasemdir	0
Athugasemdir alls	1

Forsætisráðuneyti

Gjöld forsætisráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 1,2 ma.kr. og hækkuðu um 56 m.kr. frá fyrra ári eða 4,9%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 450 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs námu 1,8 ma.kr. og varð uppsafnaður afgangur því 585 m.kr.

Af 14 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 12 endurskoðaðir. Einn liður var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.4 Forsætisráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	1
Aðrar athugasemdir	0
Athugasemdir alls	1

Menntamálaráðuneyti

Gjöld menntamálaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 48,5 ma.kr. og hækkuðu um 5 ma.kr. frá fyrra ári eða 11,6%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 1,5 ma.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru um 50 ma.kr. og varð uppsafnaður afgangur því 1,6 ma.kr.

Af 97 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 62 endurskoðaðir. Gerðar voru alls 17 athugasemdir sem m.a. lutu að óuppgerðum halla stofnunar sem starfar ekki lengur, tekjuskráningarkerfi, yfirdráttarlánunum, afstemmingum og innra eftirliti. 23 liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.5 Menntamálaráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	23
Aðrar athugasemdir	17
Athugasemdir alls	40

Utanríkisráðuneyti

Gjöld utanríkisráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 10,2 ma.kr. og hækkuðu um 1,5 ma.kr. frá fyrra ári eða 16,6%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 1,7 ma.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs námu 12,4 ma.kr. og varð uppsafnaður afgangur því 2,2 ma.kr.

Af 11 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 5 endurskoðaðir. Gerðar voru tvær athugasemdir við yfirdráttarlán og einn liður var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.6 Utanríkisráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	1
Aðrar athugasemdir	2
Athugasemdir alls	3

Landbúnaðarráðuneyti

Gjöld landbúnaðarráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 14,8 ma.kr. og hækkuðu um 1,2 ma.kr. frá fyrra ári eða 8,7%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 1,2 ma.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru 15,5 ma.kr. þannig að uppsafnaður afgangur varð 674 m.kr.

Af 28 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 15 endurskoðaðir. Gerðar voru alls 8 athugasemdir sem m.a. lutu að óuppgerðum liðum við aðrar stofnanir, yfirdráttarlánunum, afstemmingum, afskriftum krafna og innra eftirliti. 9 liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.7 Landbúnaðarráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	9
Aðrar athugasemdir	8
Athugasemdir alls	17

Sjávarútvegsráðuneyti

Gjöld sjávarútvegsráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 3,1 ma.kr. og lækkuðu um 448 m.kr. eða 12,5% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 756 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru 4,2 ma.kr. þannig að uppsafnaður afgangur varð 1,1 ma.kr.

Af 18 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 13 endurskoðaðir. Þar af voru tveir liðir sem tilheyra A-hluta en eru ekki tilgreindir í fjárlögum. Gerðar voru tvær athugasemdir sem annars vegar lutu að tekjubókhaldi og hins vegar að óuppgerðum halla stofnunar sem var hætt störfum.

5.8 Sjávarútvegsráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	0
Aðrar athugasemdir	2
Athugasemdir alls	2

Dóms- og kirkjumálaráðuneyti

Gjöld dóms- og kirkjumálaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 22,3 ma.kr. og hækkuðu um 3,3 ma.kr. frá fyrra ári eða 17,1%. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 830 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru 23,2 ma.kr. þannig að uppsafnaður afgangur varð 911 m.kr.

Af 62 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 39 endurskoðaðir. Gerðar voru alls 10 athugasemdir sem m.a. lutu að afstemmingum, bókunum, umsjón með geymslufjárreikningum og innra eftirliti. 8 liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.9 Dóms- og kirkjumálaráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	8
Aðrar athugasemdir	10
Athugasemdir alls	18

Félagsmálaráðuneyti

Gjöld félagsmálaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 35,3 ma.kr. og hækkuðu um 5,8 ma.kr. eða 19,8% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 624 m.kr. óráðstöfuðum heimildum fyrra árs voru 35,9 ma.kr. þannig að afgangur varð 641 m.kr.

Af 34 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 20 endurskoðaðir. Gerðar voru alls 5 athugasemdir sem m.a. lutu að yfirdráttarláni, afstemmingum og innra eftirliti. Þrjú liðir af voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.10 Félagsmálaráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	3
Aðrar athugasemdir	5
Athugasemdir alls	8

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti

Gjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 145,2 ma.kr. og hækkuðu um 15,1 ma.kr. eða 11,6% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 891 m.kr. óráðstöfuðum heimildum fyrra árs voru 151,2 ma.kr. þannig að afgangur varð um 6 ma.kr..

Af 107 fjárlagaliðum ráðuneytisins voru 66 endurskoðaðir. Gerðar voru alls 22 athugasemdir sem m.a. lutu að varðveislunagagna, yfirdráttarlánnum, afstemmingum, lotun tekna, ógjaldfærðum vaxtagjöldum, lánveitingum, tölvumálum og innra eftirliti. 18 liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.11 Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	18
Aðrar athugasemdir	22
Athugasemdir alls	40

Fjármálaráðuneyti

Gjöld fjármálaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 54,7 ma.kr. og hækkuðu um 12,8 ma.kr. eða 30,5% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 1,6 ma.kr. óráðstöfuðum heimildum fyrra árs voru 43,7 ma.kr. þannig að gjöld umfram fjárheimildir urðu tæplega 11 ma.kr.

Af 39 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 24 endurskoðaðir án athugasemda. Einn liður (lífeyrisskuldbindingar) var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.12 Fjármálaráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	1
Aðrar athugasemdir	0
Athugasemdir alls	1

Samgönguráðuneyti

Gjöld samgönguráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 24,5 ma.kr. og hækkuðu um 3,8 ma.kr. eða 18,1% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 4,8 ma.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru 28,5 ma.kr. þannig að afgangur varð um 4 ma.kr.

Af 17 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 12 endurskoðaðir. Gerð var ein athugasemd um innra eftirlit og tveir liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.13 Samgönguráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	2
Aðrar athugasemdir	1
Athugasemdir og ábendingar alls	3

Iðnaðarráðuneyti

Gjöld iðnaðarráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 4,6 ma.kr. sem var 311 m.kr. eða 7,3% hækkun frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 939 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru 5,6 ma.kr. þannig að afgangur varð rúmur 1 ma.kr.

Af 18 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 13 endurskoðaðir. Gerðar voru þrjár athugasemdir um innra eftirlit og einn liður var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.14		Iðnaðarráðuneyti – athugasemdir
Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild		1
Aðrar athugasemdir		3
Athugasemdir alls		4

Viðskiptaráðuneyti

Gjöld viðskiptaráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 1,7 ma.kr. og hækkuðu um 347 m.kr. eða 25,2% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 263 m.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra árs voru tæplega 2 ma.kr. þannig að afgangur ársins varð 250 m.kr.

Af 9 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 5 endurskoðaðir án athugasemda. Enginn liður var með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.15		Viðskiptaráðuneyti – athugasemdir
Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild		0
Aðrar athugasemdir		0
Athugasemdir alls		0

Hagstofa Íslands

Samkvæmt ríkisreikningi námu gjöld Hagstofu Íslands umfram sértekjur alls 628 m.kr. sem var 1 m.kr. eða 0,2% lækkun frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins voru 613 m.kr. að frádreginni 14 m.kr. stöðu fjárveitinga frá fyrra ári. Gjöld umfram fjárheimildir voru þannig 15 m.kr.

Endurskoðun Hagstofu Íslands var án athugasemda.

Umhverfisráðuneyti

Gjöld umhverfisráðuneytisins umfram sértekjur námu alls 5,2 ma.kr. og hækkuðu um 798 m.kr. eða 17,8% frá fyrra ári. Fjárheimildir ársins að meðtöldum 1,9 ma.kr. óráðstöfuðum fjárheimildum fyrra voru tæplega 7 ma.kr. þannig að afgangur ársins varð 1,7 ma.kr.

Af 19 fjárlagaliðum sem heyra undir ráðuneytið voru 10 endurskoðaðir. Gerð var ein athugasemd við færslu virðisaukaskatts af seldri sérfræðipjónustu. Fjórir liðir voru með halla umfram 4% af fjárheimild.

5.16 Umhverfisráðuneyti – athugasemdir

Fjárlagaliðir með halla umfram 4% af fjárheimild	4
Aðrar athugasemdir	1
Athugasemdir og ábendingar alls	5

5.3 Fjármagnskostnaður

Fjármagnskostnaður ríkissjóðs skiptist í vexti af innlendum lánum, vexti af erlendum lánum og lántökukostnað. Þessi kostnaður nam samtals 22,2 ma.kr. árið 2007 og hækkaði verulega milli ára eða um 49%.

5.17 Fjármagnskostnaður ríkissjóðs 2007 og 2006

Í m.kr.	2007	2006	mism.	%
Vextir af innlendum lánum	15.147	9.970	5.177	51,9%
Vextir af erlendum lánum	6.735	4.550	2.185	48,0%
Lántökukostnaður	338	389	-51	-13,1%
Samtals	22.220	14.908	7.312	49,0%

Vaxtakostnaður innlendra lána hækkaði mest eða um 5,2 ma.kr. Hækkunin skýrist einkum af hærri vöxtum af ríkisbréfum og ríkisvixlum. Þá hækkuðu vaxtagjöld af fé í vörslu hjá Fjársýslunni, s.s. fé í eigu Atvinnuleysistryggingasjóðs og Ofanflóðasjóðs o.fl. Auk þess varð veruleg hækkun vaxtagjalda vegna lántöku við kaup ríkissjóðs á eignarhluta Reykjavíkurborgar og Akureyrarbæjar í Landsvirkjun. Hækkun vaxtakostnaðar erlendra lána um 2,2 ma.kr. skýrist einkum af vaxtabreytingum erlendis.

Við endurskoðun árétaði Ríkisendurskoðun athugasemd fyrri ára um hvernig árleg hækkun spariskirteina er bókfærð. Hún kemur ekki fram í rekstrarreikningi ríkissjóðs heldur á höfuðstólsreikningi. Að mati Ríkisendurskoðunar vanmetur þessi aðferð vaxtakostnaðinn af skirteinunum samkvæmt rekstrarreikningi.

Að auki vill stofnunin benda á að nákvæmara er að dreifa afföllum samkvæmt virkum vöxtum í stað þess að dreifa þeim jafnt á lánstímann. Á þetta bæði við um ríkisbréf og spariskirteini.

5.4 Áhersluatriði við endurskoðun 2007

5.4.1 Meðhöndlun fylgiskjala hjá Fjársýslu ríkisins

Gerð var sérstök skoðun á fylgiskjölum þeirra stofnana sem eru í greiðsluþjónustu hjá Fjársýslunni. Markmiðið var annars vegar að kanna frágang fylgiskjala og áritanir en hins vegar hvort kostnaður væri í samræmi við reglur ríkisins.

Yfirleitt reyndust fylgiskjöl og meðhöndlun þeirra vera í góðu lagi. Hins vegar voru dæmi um að bókað væri á ranga tegundarlykla, að eignakaup væru færð á almennar gjaldategundir og risna á matarkaup.

Helstu niðurstöður athugunarinnar voru þær að skýrar reglur og leiðbeiningar vanti um fjölmörg atriði, einkum þó um:

- Staðfestingar reikninga þegar eðli viðskipta kallar á tvær samþykktir.
- Í hvaða tilvikum gera skal grein fyrir tilgangi útgjalda.
- Í hvaða tilvikum stofnunum er heimilt að gefa tækifærisgjafir. Samkvæmt samþykkt ríkisstjórnar frá árinu 1985 er stofnunum óheimilt að verja fé ríkisins til slíkra gjafa nema í skilgreindum undantekningartilvikum. Í ljós kom að dæmi eru um að ekki sé farið að þessari samþykkt. Að mati Ríkisendurskoðunar er brýnt að kveðið verði upp úr með hvaða reglur skuli gilda í þessu efni.

5.4.2 Stefnumótun og innleiðing eigin upplýsingakerfa

Ríkisendurskoðun gerði könnun meðal 161 stofnunar um fyrirkomulag upplýsingatæknimála. Í ljós kom að langflestar þeirra móta sjálfar stefnu á þessu sviði en hjá tæpum þriðjungi gerir fagráðuneyti það eða aðili á þess vegum. Mikill minnihluti hefur enga stefnu. Einnig kom fram að langflestar stofnanirnar taka sjálfar ákvörðun um innleiðingu nýrra upplýsingakerfa.

Þrátt fyrir að stofnanirnar hafi mikið sjálfstæði á þessu sviði kom í ljós að tæplega helmingur þeirra leitast við að nota svipuð kerfi og aðrar stofnanir á meðan innan við fimmtungur notar sérsmiðaðar lausnir.

Í ljós kom að þrjár af hverjum fjórum stofnunum í könnuninni teldu stuðning að því ef þær gætu leitað til aðila innan ríkiskerfisins um ráð í upplýsingatæknimálum. Í þessu sambandi má rifja upp að fram til ársins 2001 starfaði sérstök ráðgjafarnefnd um upplýsingatækni (RUT) á vegum fjármála-ráðuneytisins.

Að mati Ríkisendurskoðunar er mikilvægt að tryggja öryggi upplýsingakerfa ríkisins. Því veldur það áhyggjum að einungis riflega helmingur stofnana í könnuninni sem rekur sérsmiðuð upplýsingakerfi hafði látið gera úttekt á

innri eftirlitsþáttum þeirra. Brýnt er að allar stofnanir með sérsníðuð kerfi láti gera slíka úttekt.

5.4.3 Ræsting og öryggisgæsla

Gerð var könnun hjá 167 stofnunum um fyrirkomulag ræstingar og öryggismála. Hjá um helmingi þeirra sinna starfsmenn ræstingu en verktakar hjá hinum helmingnum.

Kostnaður stofnana við ræstingu er misjafn, m.a. vegna ólíkrar stærðar húsnæðis og krafna um hreinlæti. Af svörum stofnana má ráða að meðalkostnaður á fermetra hafi verið um 2.500 kr. á árinu 2007 en mörg dæmi eru um bæði lægra og herra fermetraverð. Þegar á heildina er litið virðist kostnaður við ræstingu svipaður hvort sem starfsmenn ríkisaðila eða verktakar annast hana. Þó verður að gera ítarlegri athugun áður en einhverju er slegið föstu um þetta.

Hjá meirihluta stofnana sem könnunin náði til sinna verktakar öryggisgæslu húsnæðis en fátíðara er að starfsfólk sinni henni. Um fimmtungur er ekki með neina öryggisgæslu.

Margar stofnanir vinna með gögn er varða ýmis viðkvæm málefni einstaklinga eða lögaðila. Er hér átt við fjárhagsupplýsingar, heilbrigðisupplýsingar, upplýsingar um rannsókn mála eða umsóknir af ýmsu tagi. Hjá meirihluta stofnana í könnuninni geta slík viðkvæm gögn legið á skrifborðum starfsmanna.

Samkvæmt lögum skulu opinberir starfsmenn gæta trúnaðar um það sem þeir fá vitneskju um í starfi. Þetta gildir hins vegar ekki um starfsmenn verktaka sem vinna fyrir ríkisaðila. Dæmi eru um að stofnanir óski þess að verktakar leggi fram yfirlýsingu um trúnaðarskyldu starfsmanna sinna. Í könnun Ríkisendurskoðunar kom hins vegar fram að fjölmargar stofnanir sem útvista ræstingu eða öryggisgæslu hafa ekki aflað slíkra trúnaðaryfirlýsinga. Að mati stofnunarinnar er brýnt að úr þessu verði bætt.

6 Innra eftirlit og innri endurskoðun

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun lagt aukna áherslu á að ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki efla innra eftirlit hjá sér. Árið 2007 gerði stofnunin sérstakar úttektir á innra eftirliti hjá fjórum stofnunum og sjóðum auk þess sem gerð var eftirfylgni með úttektum fyrri ára.

Samkvæmt lögum um Ríkisendurskoðun (nr. 86/1997) felst fjárhagsendurskoðun hjá ríkinu m.a. í því að „kanna innra eftirlit og hvort það tryggir viðunandi árangur“ (sbr. 2. tl. 8. gr. laganna). Hlutverk Ríkisendurskoðunar er því umfangsmeira en hlutverk ytri endurskoðenda almennt en það beinist einkum að fjárhagslegu innra eftirliti sem tengist bókhaldi og reikningsskilum.

Við fjárhags- og stjórnsýsluendurskoðun Ríkisendurskoðunar hefur komið í ljós að í mörgum tilvikum er innra eftirliti áfátt. Lögð er á það áhersla hér að innra eftirlit er á ábyrgð forstöðumanna. Ríkisendurskoðun getur því ekki fyrirskipað úrbætur. Þegar um mikla veikleika er að ræða heldur Ríkisendurskoðun þó áfram að fylgjast náið með þeim stofnunum sem svo er ástatt um þar til fullnægjandi úrbætur hafa verið gerðar.

6.1 Úttektir Ríkisendurskoðunar á innra eftirliti

Á undanförunum árum hefur Ríkisendurskoðun samið fjölmargar skýrslur um innra eftirlit hjá stofnunum og sjóðum. Efnistöð hafa verið breytileg frá einni skýrslu til annarrar, enda starfsemi þessara stofnana margvísleg og markmið úttektanna sömuleiðis. Í öllum þessum skýrslum hefur meginmarkmiðið þó verið að stuðla að virkara innra eftirliti hjá þeim stofnunum sem í hlut áttu. Undantekningarlaust hefur verið fjallað um starfsumhverfi stofnananna, svo sem lög og reglugerðir, verklagsreglur, verksvið stjórnenda, stefnu- og þjónustumarkmið, áætlanagerð og starfsmannastefnu. Í nokkrum tilvikum hefur verið farið dýpra í innviði stofnana og m.a. fjallað um áhættugreiningu og áhættumat og unnið að gerð myndrænna verkferla með starfsmönnum. Skýrslur um innra eftirlit eru ekki gerðar opinberar enda varða þær oft viðkvæm innri mál stofnana og fyrirtækja.

Á árinu 2007 gerði Ríkisendurskoðun úttekt á innra eftirliti hjá fjórum stofnunum og sjóðum og skilaði eftirfarandi skýrslum þar að lútandi:

- Meðferð inneigna í tekjubókhaldi ríkisins
- Menntamálaráðuneytið
- Íbúðalánasjóður
- Landbúnaðaráðuneytið

Á árinu 2006 var hafin sérstök úttekt á innra eftirliti hjá öllum aðalskrifstofum ráðuneytanna. Gerð verður sérstök skýrsla fyrir hvert ráðuneyti en verkinu

lýkur með einni heildarskýrslu með helstu niðurstöðum fyrir öll ráðuneytin. Við skoðun á ráðuneytunum hefur verið horft til ýmissa sameiginlegra þátta, s.s.:

- Starfsumhverfis
- Rekstrar og innra starfs
- Meðferðar safnliða
- Styrkja og framlaga
- Eftirlits með samningum
- Fjárhagslegs eftirlits með stofnunum
- Faglegs eftirlits með stofnunum

6.2 Eftirfylgni með eldri skýrslum

Árið 2006 hóf Ríkisendurskoðun að kanna með skipulegum hætti viðbrögð við athugasemdum í fyrri skýrslum stofnunarinnar um innra eftirlit. Stefnt er að því að framvegis fari slík eftirfylgni fram tveimur til þremur árum eftir að skýrslu er skilað.

Við eftirfylgni eru stofnanir beðnar um að gera skriflega grein fyrir hvernig þær hafi brugðist við athugasemdum um innra eftirlit. Einnig afla starfsmenn Ríkisendurskoðunar gagna og heimsækja viðkomandi stofnanir til að ganga úr skugga um að úrbætur hafi átt sér stað. Á árinu 2007 var eftirfylgni gerð með eftirfarandi skýrslum (útgáfuár innan sviga):

- Hagstofa Íslands (2004)
- Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins (2004)
- Vegagerð ríkisins (2004)
- Iðntæknistofnun Íslands (2004)
- Fjársýsla ríkisins (2003)

Að mati Ríkisendurskoðunar hafa viðbrögð stofnana við athugasemdum um innra eftirlit yfirleitt verið góð. Um 70% af þeim athugasemdum sem settar voru fram í framangreindum skýrslum leiddu til úrbóta.

Ríkisendurskoðun hefur kynnt sér ýmsar aðferðir við skoðun á innra eftirliti, m.a. það sem kallað er áhættustjórnun (e. *risk management*). Í því felst m.a. að litið er heildstætt á alla þætti starfseminnar og þeir metnir með tilliti til áhættu og tækifæra. Aldrei er hægt að verjast allri áhættu og því nauðsynlegt að velja þá áhættuþætti sem viðkomandi stofnun kýs að verjast. Þessi aðferð kemur ekki í stað hefðbundins innra eftirlits en gefur viðtækari sýn á innra og ytra umhverfi.

7 Fyrirtæki í B-, C-, D- og E-hluta

Endurskoðun fyrirtækja í B-, C-, D-, og E-hluta ríkissjóðs árið 2007 var án teljandi athugasemda. Ríkisendurskoðun ítrekaði þó tvær athugasemdir sínar frá fyrri árum.

7.1 Endurskoðun B-hluta ríkisreiknings

Til B-hluta ríkisreiknings teljast átta fyrirtæki í eigu ríkissjóðs. Ríkisendurskoðun endurskoðar sjálf þrjú þeirra en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna fimm í umboði stofnunarinnar.

Endurskoðun ríkisfyrirtækjanna hefur það að meginmarkmiði að gera endurskoðanda mögulegt að setja fram álit á því hvort ársreikningur gefi glögga mynd af afkomu á árinu, efnahag í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög og reglur og góða reikningsskilavenju. Við endurskoðunina er lögð áhersla á að kanna og meta innra eftirlit hjá fyrirtækjunum. Þá er einnig litið til þess hvort forsendum fjárlaga hafi verið fylgt við rekstur þeirra á árinu og hvort gætt sé þeirra sértæku rekstrarfyrirmæla og starfsreglna sem ríkisfyrirtækjum er skylt að fara eftir.

Í töflu 7.1 er birt afkoma ríkisfyrirtækja á árinu 2007, arðgreiðslur í ríkissjóð, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok 2007.

7.1 Ríkisfyrirtæki í B-hluta ríkisreiknings

Í m.kr.	Hagn. (tap)	Arður til ríkissjóðs	Framlag ríkissjóðs	Eigið fé	Stofnfé í RR 2007
Áfengis- og tóbaksverslun ríkisins	507	152	0	2.961	1.376
Flugmálastjórn Keflavíkurflugvelli	98	0	2.658	839	184
Frjálsar slysatryggingar	0	0	0	18	0
Happdrætti Háskóla Íslands	932	0	0	573	12
Íslenskar orkurannsóknir	130	0	0	332	103
Ratsjárstofnun 1. jan. til 15. ágú.	-123	0	0	228	0
Ratsjárstofnun 16. ágú. til 31. des.	60	0	234	60	0
Ríkisútvarpið	-217	0	674	-823	0
Sinfóníuhljómsveit Íslands	-5	0	468	11	5
Samtals	1.382	152	4.034	4.199	1.680

Á árinu 2007 urðu þær breytingar á B-hluta ríkisreiknings að ríkissjóður tók alfarið við rekstri Ratsjárstofnunar. Ríkisútvarpið færðist úr B-hluta í E-hluta þar sem það var gert að opinberu hlutafélagi.

Við endurskoðun þessara fyrirtækja komu ekki fram nein þau atriði sem ástæða er til að gera að umtalsefni. Ríkisendurskoðun ítrekar fyrra álit um leggja beri af Frjálsar slysatryggingar.

7.2 Endurskoðun C-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra fimm lánastofnanir sem eru í eigu ríkissjóðs og stofnaðar hafa verið með sérlögum. Ríkisendurskoðun endurskoðar tvær þeirra en endurskoðunarfyrirtæki annast endurskoðun hinna þriggja í umboði stofnunarinnar samkvæmt samningum þar um.

Tafla 7.2 sýnir afkomu lánastofnananna á árinu 2007, framlög úr ríkissjóði og eigið fé í árslok 2007. Stofnanirnar greiddu engan arð í ríkissjóð á árinu.

7.2 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings

Í m.kr.	Hagn. (tap)	Framlag ríkissjóðs	Eigið fé	Stofnfé í RR 2007
Byggðastofnun	-179	383		2.672
Íbúðalánasjóður	2.528	302	20.189	7.099
Lánasjóður íslenskra námsmanna	4.624	4.804	43.059	0
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	-201	0	4.020	7.764
Orkusjóður	20	33	184	210
Samtals	6.792	5.522	69.525	17.745

Auk hefðbundinnar endurskoðunar, sem felst í því að kanna og leggja mat á það hvort ársreikningur lánastofnana gefi glögga mynd af afkomu, fjárhagsstöðu í árslok og fjárstreymi á árinu í samræmi við lög, reglur og góða reikningsskilavenju, er lögð sérstök áhersla á að kanna og meta útlán og stöðu lána og fylgjast með hvernig innheimta gengur og hvort eðlilegum innheimtuadgerðum er haldið uppi. Þá eru tillög í afskriftarsjóði vegna útlánaáhattu skoðuð og metin.

Við greiningu á tillögum um framlög í afskriftasjóði og stöðu afskriftasjóða í árslok kemur í ljós eftirfarandi sundurgreining fjárhæða hvers sjóðs.

7.3 Lánastofnanir í C-hluta ríkisreiknings

Í m.kr.	Framlag á árinu	Afskrifta- sjóður í árslok
Byggðastofnun	361	796
Íbúðalánasjóður	295	1.208
Lánasjóður íslenskra námsmanna	1.562	12.200
Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins	142	656
Orkusjóður	0	13
Samtals	2.360	14.873

7.3 Endurskoðun D-hluta ríkisreiknings

Til þessa hluta ríkisreiknings heyra þrjár fjármálastofnanir. Ríkisendurskoðun endurskoðar Seðlabanka Íslands en endurskoðunarfyrtæki sem ráðin eru af stjórnnum félaganna annast endurskoðun hinna tveggja stofnananna.

Tafla 7.4 sýnir afkomu fjármálastofnananna á árinu 2007, arðgreiðslur í ríkissjóð og eigið fé í árslok 2007. Engin framlög voru úr ríkissjóði á árinu.

7.4 Fjármálastofnanir í D-hluta ríkisreiknings

Í m.kr.	Arður í ríkissj.	Hagn. (tap)	Eigið fé	Stofnfé 2007
Seðlabanki Íslands	2.393	-1.224	91.003	77.576
Tryggingasjóður innstæðueigenda og fjárfesta	0	1.535	8.334	0
Viðlagatrygging Íslands	0	1.240	13.277	0
Samtals	2.393	1.551	112.614	77.576

Ríkisendurskoðun hefur áður lagt til að ríkisreikningsnefnd taki til skoðunar hvort fella beri Tryggingasjóð innstæðueigenda og fjárfesta úr D-hluta ríkisreiknings. Að mati stofnunarinnar eru ekki lagalegar forsendur fyrir birtingu sjóðsins í ríkisreikningi enda getur hann með engu móti talist eign ríkisins og það ber heldur ekki ábyrgð á skuldbindingum hans.

Endurskoðun fjármálastofnana fer fram í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Ítarleg lög og reglur gilda um gerð ársreikninga, endurskoðun og innra eftirlit hjá fjármálastofnunum og tryggingafélögum. Mat á innra eftirliti er veigamikill þáttur í endurskoðunarstarfinu.

7.4 Endurskoðun E-hluta ríkisreiknings

Til þessa flokks í ríkisreikningi heyra 18 hlutafélög og sameignarfélög sem eru að 50% eða meira í eigu ríkissjóðs og ríkisstofnana. Í efnahagsreikningi ríkissjóðs 31. desember 2007 var eignarhlutur ríkissjóðs í framangreindum fyrirtækjum bókaður á 89,0 ma.kr. (sjá nánar töflu í viðauka).

Af samtals 18 félögum endurskoðar Ríkisendurskoðun sjálf átta. Endurskoðunarfyrtæki endurskoða tíu félög í umboði Ríkisendurskoðunar samkvæmt samningum eða kosningu aðalfunda eða stjórnna. Ríkisendurskoðun ítrekar ábendingu sína frá fyrri árum að nokkur félög sem eru í meirihlutaeign ríkisins gegnum aðila A- til E-hluta ættu að vera tilgreind í ríkisreikningi.


Endurskoðunarskýrslur hlutafélaga eru eingöngu lagðar fyrir stjórnir þeirra og er Ríkisendurskoðun ekki heimilt að birta efnisleg atriði úr þeim.

8 Endurskoðun lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna og Þjóðkirkjunnar

Endurskoðun lífeyrissjóða ríkisstarfsmanna og Þjóðkirkjunnar var án athugasemda.

8.1 Endurskoðun lífeyrissjóða 2007

Ríkisendurskoðun fer með endurskoðun Lífeyrissjóðs starfsmanna ríkisins (LSR) og Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga (LH) samkvæmt lögum um lífeyrissjóðina. Samanlögð hrein eign LSR og LH var 340 ma.kr. í árslok 2007 og hækkaði um 35,6 ma.kr. milli ára eða 11,7%. Mynd 8.1 sýnir hvernig eignir lífeyrissjóðanna hafa vaxið frá 1998 til 2007.



8.2 LSR

Í árslok 2007 nam hrein eign LSR til greiðslu lífeyris 316,8 ma.kr. en var 282,3 ma.kr. árið á undan. Hækkun milli ára var 34,6 ma.kr. eða 12,3%. Hrein eign B-deildar hefur vaxið um 9,5% milli ára og nam í árslok 203 ma.kr. sem er 64,1% af hreinni eign LSR. Hrein eign A-deildar hefur á sama tíma vaxið um 17,6% og nam í árslok 107 ma.kr. eða 33,8% af hreinni eign LSR.

Tafla 8.2 sýnir helstu lykiltölur úr ársreikningi ársins 2007 og samanburð við árið á undan.

8.2 Yfirlit um helstu afkomutölur LSR 2007 og 200				
Fjárhæðir í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Iðgjöld	36.125	25.447	10.678	42,0%
Lífeyrir	16.046	14.053	1.993	14,2%
Fjárfestingartekjur	15.251	44.084	-28.833	-65,4%
Fjárfestingargjöld	493	479	14	2,8%
Rekstrarkostnaður	257	234	23	9,6%
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	316.840	282.260	34.580	12,3%
Hrein raunávöxtun í %	-0,84%	10,89%		
Meðaltal hreinnar ávöxtunar sl. 5 ár	8,69%	8,57%		

Iðgjöld í sjóðinn jukust verulega árið 2007 og námu 36,1 ma.kr. sem er 42% hækkun frá árinu á undan. Hækkunin skýrist af auknum uppgreiddum lífeyris-skuldbindingum í B-deild, hækkun mótframlags í B-deild úr 6% í 8% og hærri iðgjöldum vegna almennra launabreytinga.

Hrein raunávöxtun sjóða LSR, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var -0,8% en 10,9% árið á undan. Allar deildir sjóðsins skiluðu neikvæðri ávöxtun á árinu 2007 nema leið 2 og leið 3 í séreignadeild. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar LSR síðastliðin 5 ár var 8,69%. Meðalfjöldi virkra sjóðfélaga var 27.655 árið 2007 og fjölgaði þeim um 806 frá fyrra ári eða 3%. Meðalfjöldi lífeyrisþega á árinu 2007 var 10.980 og fjölgaði þeim um 6% milli ára.

8.3 Ávöxtun í samanburði við aðra lífeyrissjóði

Ef ávöxtun LSR og fjögurra sambærilegra sjóða er borin saman kemur fram að raunávöxtun LSR er undir meðalávöxtun allra sjóðanna 2006–2007, sbr. töflu 8.3 sýnir ávöxtun nokkurra helstu lífeyrissjóða landsins árin 2006 og 2007.

8.3 Raunávöxtun nokkurra lífeyrissjóða 2007 og 2006*

	2007	2006
LSR	-0,8%	10,9%
Lífeyrissjóður verslunarmanna	1,1%	12,6%
Gildi	2,4%	9,6%
Sameinaði Isj. (grunndeild)	0,0%	11,6%
Söfnunarsj. lífeyrisréttinda	0,3%	10,5%
Meðaltal	0,6%	11,0%

*Byggt á tilkynningum frá sjóðunum á heimasíðu Landsambands lífeyrissjóða og fyrirbyggjandi ársreikningum

8.4 LH

Í árslok 2007 nam hrein eign LH til greiðslu lífeyris samtals 23,1 ma.kr. sem er 984 m.kr. hækkun frá árinu á undan eða 4,4%. Tafla 8.4 sýnir lykiltölur úr ársreikningi.

8.4 Yfirlit yfir helstu afkomutölur LH 2007 og 2006

Fjárhæð í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Iðgjöld	1.160	1.078	82	7,7%
Lífeyrir	1.129	970	159	16,4%
Fjárfestingartekjur	1.019	3.558	-2.539	-71,4%
Fjárfestingargjöld	43	39	4	9,5%
Rekstrarkostnaður	23	21	2	8,3%
Hrein eign í árslok til greiðslu lífeyris	23.132	22.148	984	4,4%
Hrein raunávöxtun í %	-1,37%	11,09%		
Meðaltal hreinnar ávöxtunar sl. 5 ár	8,76%	8,53%		

Iðgjöld námu 1,2 ma.kr. árið 2007 og hækkuðu um 7,7% milli ára. Lífeyrir nam 1.129 m.kr. en var 970 m.kr árið á undan og hækkaði um 16,4% milli ára. Hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, lækkaði verulega og nam -1,4% en var 11,1% árið á undan. Meðaltal hreinnar raunávöxtunar síðastliðin 5 ár var 8,8%.

8.5 Tryggingafræðileg úttekt á LH

Áfallnar lífeyrisskuldbindingar í árslok 2007 voru 49,8 ma.kr. samanborið við 46,3 ma.kr. í árslok 2006. Hækkun skuldbindinga nam því 7,6%. Hrein endurmetin eign til greiðslu lífeyris hækkaði úr 22,8 ma.kr. í árslok 2006 í 23,7 ma.kr. í árslok 2007, sem er um 3,9% hækkun. Staða eigna umfram skuldbindingar var neikvæð um 26,1 ma.kr. í árslok 2007 eða 52,3%. Samsvarandi staða

árið á undan var neikvæð um 23,6 ma.kr. Áfallin staða sjóðsins versnaði því á árinu 2007 um 1,4%.

Heildarstaða sjóðsins var neikvæð um 30,7 ma.kr. eða 54,2% en var neikvæð í árslok 2006 um 28,8 ma.kr. Heildarstaða sjóðsins hafði því versnað um 1,9 ma.kr. frá síðasta ári.

8.6 Þjóðkirkjan

Samkvæmt 2. mgr. 23. greinar laga nr. 78/1997, um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar ber kirkjuþingi að sjá til þess að reikningshald kirkjulegra embætta, stofnana og sjóða hljóti fullnægjandi endurskoðun.

Í flestum tilvikum ber Ríkisendurskoðun að endurskoða embætti, sjóði og stofnanir kirkjunnar. Um þessa endurskoðunarskyldu er ýmist kveðið á í lögum um Ríkisendurskoðun eða í sérlögum. Ríkisendurskoðun hefur sem fyrr endurskoðað embætti og sjóði kirkjunnar en endurskoðun stofnana á vegum hennar hefur verið í höndum endurskoðenda sem ráðnir hafa verið til hvers verkefnis um sig. Samkvæmt samkomulagi við kirkjuráð tekur Ríkisendurskoðun árlega saman skýrslu um endurskoðun stofnana kirkjunnar og er hún lögð fyrir kirkjuþing. Í endurskoðunarskýrslunni er yfirlit um fjármál þessara stofnana og greint frá athugasemdum sem endurskoðendur þeirra hafa talið nauðsynlegt að fram komi í skýrslum til stjórna stofnananna. Tafla 8.5 sýnir fjárveitingar til þjóðkirkjunnar og sjóða hennar skv. ríkisreikningi árið 2007. Í viðauka er tafla sem sýnir helstu reikningstölur skv. ársreikningum kirkjustofnana á árinu 2007.

8.5 Fjárveitingar til þjóðkirkjunnar og sjóða hennar 2007

Í m.kr.	Fjárlög	Fjáraukal.	Millif.	Fjárh.
Til þjóðkirkjustofnana				
Þjóðkirkjan	1.391,7	0	52,1	1443,8
	0			
Kirkjumálasjóður	263,3	0,3	0	263,6
Kristnisjóður	82,8	0	6,6	89,4
Jöfnunarsjóður sókna	339,6	0,4	0	340
Alls	2.077,4	0,7	58,7	2.136,8
Til þjóðkirkjusafnaða				
Kirkjugarðsgjald – kirkjugarðar*	787,3	0	0	787,3
Sóknargjöld – þjóðkirkjan	1.836,0	1,9	0	1.837,9
Alls	2.623,3	1,9	0	2.625,2
Samtals	4.700,7	2,6	58,6	4.762,0

*Kirkjugarðssjóður var ekki sérgreindur á fjárlögum 2007. Hlutdeild hans er áætluð 8,5% af kirkjugarðsgjaldi.

Fjárveitingar til þjóðkirkjunnar og þjóðkirkjusafnaða skv. fjárlögum og fjárukalögum 2007 námu samtals 4.762,0 m.kr. Í þeirri tölu eru meðtalin framlög til sókna og kirkjugarða sem ýmist eru álögð skv. sérlögum eða eru hlutdeild í tekjuskatti og innheimt með opinberum gjöldum.

Fjárveiting til þjóðkirkjunnar í þrengri skilningi nam 1.443,8 m.kr. og aðrar tekjur 140,8 m.kr. Alls námu tekjur þjóðkirkjunnar því 1.584,6 m.kr. Gjöld námu 1.580,5 m.kr. sem þýðir að tekjuafgangur varð að fjárhæð 4,1 m.kr. samanborið við 12,6 m.kr. tekjuhalla á árinu 2006.

Í samandregnu yfirliti um rekstur og efnahag þjóðkirkjunnar, sjóði og stofnanir, kemur fram að heildartekjur árið 2007 námu 2.799,4 m.kr., gjöld 2.943,2 m.kr. og hreinar fjármunatekjur 33,6 m.kr. Tekjuhallinn nam því 110,2 m.kr. en var 23,8 m.kr. árið á undan. Heildareignir námu 5.875,2 m.kr. og skuldir 540,6 m.kr. Óráðstafað eigið fé eða höfuðstóll nam 5.334,5 m.kr.

Sú breyting hefur orðið hjá Kirkjumálasjóði á árinu 2007 hann tekur nú til starfsemi Kristnisjóðs og Prestssetrasjóðs. Prestssetrasjóður var áður með sérstakt uppgjör. Fasteignir Kirkjumálasjóðs eru nú færðar á brunabótamati, þar með talin prestssetur, en hlunnindi eru færð á fasteignamati.

Kirkjuráð úthlutar í einu lagi styrkjum vegna verkefna Kristnisjóðs og Jöfnunarsjóðs sókna og Kirkjumálasjóðs og er Kirkjumálasjóði falið að annast umsýslu með útgreiðslu styrkjanna. Þessi ákvörðun var gerð til að einfalda úthlutunina og umsýslu styrkja og framlaga. Að mati Ríkisendurskoðunar hefur þessi breyting tekist vel.

Kirkjuþingi hefur verið gerð grein fyrir endurskoðun einstakra stofnana og sjóða kirkjunnar.

Töfluviðaukar

Töfluviðauki við 2. kafla

Rekstrarreikningur ríkissjóðs, A-hluta (2003–2007)

Í m.kr.	2003	2004	2005	2006	2007
Tekjur					
<i>Skatttekjur</i>					
Skattar á tekjur og hagnað einstakl.	57.998	65.006	72.165	81.453	85.521
Skattar á tekjur og hagnað lögaðila	12.212	11.589	23.413	32.427	36.584
Skattur á fjármagnstekjur	9.084	13.554	21.671	23.748	31.387
Trygg.gj. og aðrir skattar á launagr.	26.315	28.880	33.101	38.804	41.113
Eignarskattar	8.666	11.552	14.791	8.754	11.956
Virðisaukaskattur	80.940	96.433	114.183	132.122	137.710
Vörugjöld	28.030	31.174	38.339	43.653	45.891
Sértækir þjónustuskattar	1.720	2.078	2.166	2.609	3.026
Neyslu- og leyfisskattar	9.716	10.953	10.354	7.453	8.168
Skattar á alþjóðaverslun og viðskipti	2.680	3.086	3.539	4.621	5.452
Aðrir skattar	1.497	1.369	1.504	1.508	1.713
Skatttekjur alls	238.859	275.673	335.223	377.153	408.521
<i>Rekstrartekjur</i>					
Arðgreiðslur	2.922	3.219	8.230	1.236	3.301
Vextir	10.930	10.333	9.166	17.733	24.484
Aðrar eignatekjur	1.633	2.127	1.154	1.046	3.007
Neyslu- og leyfisgjöld	5.541	6.202	6.607	7.165	7.804
Sektir og skaðabætur	1.062	2.722	899	1.649	2.673
Aðrar rekstrartekjur	487	232	162	108	88
Rekstrartekjur alls	22.575	24.834	26.219	28.937	41.356
Sala eigna og hagn. af peningal. eignum	11.954	1.064	58.823	14.209	35.325
Fjárframlög	861	860	901	1.662	927
Tekjur samtals	274.574	302.431	421.166	421.961	486.129
Gjöld					
Æðsta stjórn ríkisins	2.490	2.626	2.724	2.750	3.416
Forsætisráðuneyti	1.444	1.381	2.030	1.140	1.196
Menntamálaráðuneyti	32.836	35.127	37.749	43.439	48.456
Utanríkisráðuneyti	5.334	5.980	6.418	8.750	10.202
Landbúnaðarráðuneyti	12.096	12.429	15.643	13.618	14.799
Sjávarútvegsráðuneyti	3.292	2.679	2.196	3.574	3.126
Dóms- og kirkjumálaráðuneyti	14.723	15.182	16.825	19.025	22.281
Félagsmálaráðuneyti	24.832	27.322	27.507	29.477	35.299
Heilbrigðis- og tryggingamálar.	105.817	112.643	118.464	130.128	145.201
Fjármálaráðuneyti	33.183	41.205	36.927	41.897	54.656
Samgönguráðuneyti	18.410	20.094	18.079	20.720	24.475
Iðnaðarráðuneyti	4.732	3.374	4.203	4.263	4.574
Viðskiptaráðuneyti	1.419	1.337	1.345	1.377	1.724
Hagstofa Íslands	649	589	632	629	628
Umhverfisráðuneyti	4.198	4.318	4.233	4.472	5.270
Fjármagnskostnaður	15.256	14.152	13.420	14.908	22.220
Gjöld samtals	280.712	300.438	308.395	340.166	397.524
Tekjuafgangur (tekjuhalli)	-6.137	1.993	112.771	81.797	88.604

Efnahagsreikningur ríkissjóðs, A-hluta 31. desember (2003–2007)

Í m.kr.	2003	2004	2005	2006	2007
Eignir					
<i>Langtímakr. og áhættufjármunir</i>					
Veitt löng lán	76.382	51.633	71.496	169.678	174.441
Næsta árs afb. fl. á skammt.kr.	-18.636	-7.888	-1.251	-10.917	-15.587
Hlutabréf og stofnfjárframlög	90.826	94.607	87.424	102.672	191.880
Langtímakr. og áhættufjárm. alls	148.572	138.352	157.668	261.432	350.734
<i>Veltufjármunir</i>					
Vöru- og efnisbirgðir	1.133	1.172	1.286	1.480	1.498
Óinnheimtar ríkistekjur	57.725	65.680	76.098	89.444	97.751
Skammtímakröfur, aðrar	5.604	7.842	10.549	11.872	12.024
Næsta árs afb. af veittum löngum lánum	18.636	7.888	1.251	10.917	15.587
Handbært fé, nettó	16.848	24.384	50.814	92.384	104.299
Veltufjármunir samtals	99.946	106.967	139.998	206.097	231.158
Eignir samtals	248.517	245.319	297.665	467.529	581.892
Skuldir og eigið fé					
<i>Eigið fé</i>					
Eigið fé í ársbyrjun	-221.958	-234.598	-226.535	-111.497	-63.376
Endurmat o.fl.	-6.503	6.071	2.266	-33.675	-15.537
Tekjujöfnuður	-6.137	1.993	112.771	81.797	88.604
Eigið fé í árslok	-234.598	-226.535	-111.497	-63.372	9.692
Lífeyrisskuldbindingar	184.243	190.728	191.360	210.098	230.629
<i>Langtímaskuldir</i>					
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	8.845	901	648	750	662
Tekin löng innlend lán	83.503	96.194	96.018	110.346	142.425
Tekin löng erlend lán	164.229	141.288	85.408	175.177	154.351
Næsta árs afb. fl. á skammt.sk.	-28.919	-41.132	-20.237	-32.699	-43.951
Langtímaskuldir samtals	227.657	197.252	161.837	253.574	253.487
<i>Skammtímaskuldir</i>					
Krafa á ríkistekjur	1.064	606	637	620	678
Ógreidd gjöld (án vaxta)	6.914	7.824	8.711	10.155	13.115
Áfallnir ógjaldfallnir vextir	5.004	10.981	3.590	5.323	6.361
Tekin stutt lán	20.609	14.606	14.072	6.254	13.573
Aðrar skammtímaskuldir	8.705	8.724	8.719	12.181	10.407
Næsta árs afborganir langtímaskulda	28.919	41.132	20.237	32.699	43.951
Skammtímaskuldir samtals	71.215	83.874	55.966	67.233	88.084
Skuldir samtals	483.116	471.854	409.163	530.905	572.200
Skuldir og eigið fé samtals	248.517	245.319	297.665	467.532	581.892

Sjóðstreymi ríkissjóðs, A-hluta (2003–2007)

Í m.kr.	2003	2004	2005	2006	2007
Rekstrarhreyfingar					
Tekjujöfnuður	-6.137	1.993	112.771	81.797	88.604
<i>Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé</i>					
Lífeyrisskuldbindingar	-715	5.118	-3.140	5.649	5.769
Afföll af teknum lánum	3.310	3.061	3.009	8.706	2.356
Áfallin ógj.fallin vaxtagj. langt.sk	-562	-8.360	-360	113	-88
Endurmatshagnaður				-12.197	-14.845
Gjaldfærð ríkisábyrgð	-24	0	0	0	0
Söluhagnaður af eignum	-10.579	-9	-57.760	-260	-6.061
<i>Breyting rekstrartengdra eigna og skulda</i>					
Afskrifaðar skattkröfur	9.184	10.126	9.795	12.091	8.910
Viðskiptakröfur	-8.535	-20.358	-22.854	-26.817	-17.387
Viðskiptaskuldir	-2.884	6.504	-6.405	6.450	1.675
Handbært fé frá rekstri	-16.942	-1.924	35.057	75.531	68.933
<i>Fjárfestingarhreyfingar</i>					
Lánveitingar	-6.582	-4.810	-37.027	-95.639	-18.282
Afborganir veittra lána	12.311	30.989	18.728	5.152	12.309
Fyrirfram greitt upp í langtímakostnað	-8.597	-9.553	-5.826	-5.875	-5.827
Kaup hlutabréfa og eiginfjárframlög	-1.210	-733	-375	-2.603	-76.265
Sala hlutabréfa og eignarhluta	27.735	19	69.092	340	7.641
Fjárfestingarhreyfingar samtals	23.657	15.912	44.591	-98.625	-80.424
<i>Fjármögnunarhreyfingar</i>					
Tekin stutt lán, nettó	8.476	-6.002	-534	-7.818	7.320
Tekin löng lán	36.948	39.387	25.793	131.214	57.044
Afborganir lána	-51.633	-40.055	-77.917	-60.804	-40.721
Gengism. og endurm. sjóðs- og bankareikn.	-125	220	-561	2.071	-237
Fjármögnunarhreyfingar samtals	-6.334	-6.451	-53.219	64.663	23.406
Breyting handbærs fjár	380	7.537	26.429	41.569	11.915
Handbært fé í ársbyrjun	16.468	16.848	24.384	50.814	92.384
Handbært fé í árslok	16.848	24.384	50.814	92.384	104.299

Töfluviðauki við 3. kafla

Innborganir ríkissjóðs 2007 vegna lífeyrisskuldbindinga			
í m.kr.	Greitt til LSR	Greitt til LH	Greiðslur samtals
Bein aukaframlög ríkissjóðs	4.268	200	4.468
Viðbótariðgjöld A-hluta ríkissjóðs	861	126	986
Viðbótarframlag grunnskólakennara	vegna 373	0	373
Samtals	5.501	326	5.827

Staða ríkisbréfa og ríkisvíxla í árslok 2007 og 2006				
í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Ríkisbréf				
Staða nafnverðs	97.133	91.636	5.497	6,0%
Frá dragast afföll	-2.146	-1.807	-339	18,7%
Áfallnir vextir	3.977	3.404	573	16,8%
	98.964	93.233	5.731	6,1%
Ríkisvíxlar				
Staða nafnverðs	13.550	6.254	7.297	116,7%
Frá dragast afföll	-59	-80	21	-26,6%
	13.491	6.173	7.318	118,5%
Staða ríkisbréfa og ríkisvíxla nettó	112.455	99.406	13.049	13,1%

Staða spariskírteina ríkissjóðs í árslok 2007 og 2006				
í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Staða spariskírteina án vaxta	22.134	23.367	-1.233	-5,3%
Frá dragast: Afföll	-5.386	-6.452	1.066	-19,8%
Við bætast: Áfallnir vextir	825	820	5	0,6%
Heildarstaða spariskírteina	17.573	17.735	-162	-0,9%

Skammtímaskuldir A-hluta ríkissjóðs

Í m.kr.	2007	2006	Mism.	%
Kröfur á ríkistekjur	678	620	58	9,4%
Ógreidd gjöld	13.115	10.155	2.960	29,1%
Áfallnir, ógjaldfallnir vextir	6.361	5.323	1.038	19,5%
Tekin stutt lán	13.573	6.254	7.319	117,0%
Aðrar skammtímaskuldir	10.407	12.181	-1.774	-14,6%
Næsta árs afborganir langtímalána	43.951	32.699	11.252	34,4%
Samtals	88.084	67.233	20.853	31,0%

Skammtímaeignir A-hluta ríkissjóðs

Í m. kr.	2007	2006	Mism.	%
Vöru- og efnisbirgðir	1.498	1.480	18	1,2%
Óinnheimtar ríkistekjur	97.751	89.444	8.307	9,3%
Aðrar skammtímakröfur	12.024	11.872	152	1,3%
Næsta árs afborgun af langtíma lánum	15.587	10.917	4.670	42,8%
Handbært fé, nettó	104.299	92.384	11.915	12,9%
Samtals	231.158	206.097	25.062	12,2%

Töfluviðauki við 4. kafla

Ríkissjóðstekjur 2007					
Í m.kr.	Eftirst. í ársbyrju n	Tekjur ársins	Innheimt á árinu	Afskrifað á árinu	Eftirst. í árslok
Skatttekjur og tryggingagjöld	79.387	408.521	-395.384	-6.812	85.710
Skattar á tekjur og hagnað	24.110	122.105	-118.723	-3.520	23.972
Fjármagnstekjuskattur	20.951	31.387	-25.214	-11	27.112
Tryggingagjöld	4.700	39.594	-39.150	-383	4.761
Eignarskattar	490	11.956	-11.834	107	719
Virðisaukaskattur	24.333	137.710	-135.388	-2.941	23.714
Vörugjöld	2.447	45.891	-45.684	-6	2.648
Aðrir skattar	2.356	19.878	-19.391	-58	2.784
Aðrar tekjur	10.029	41.357	-37.354	-2.098	11.933
Vaxtatekjur	7.489	24.484	-24.229	-1.548	6.196
Neyslu- og leyfisgjöld	591	7.804	-7.825	-3	567
Aðrar tekjur	1.949	9.069	-5.300	-547	5.170
Sala eigna	0	14.342	-14.263	0	79
Hagnaður af peningal. eign.	0	20.983	-20.983	0	0
Fjárframlög	29	927	-927	0	29
Tekjur samtals	89.445	486.130	-468.911	-8.910	97.751

Afskrifaðar kröfur á lögaðila 2007, úrtakskönnun Ríkisendurskoðunar

Stofnár fyrirtækis	Fjöldi í úrtaki	Höfuðstóll í m.kr.	Hlutfall
2000 – 2005	503	1.649	51,2%
1995 – 1999	348	718	22,3%
1990 – 1994	122	348	11,9%
Fyrr	148	469	14,6%

Yfirlit áætlana í virðisaukaskatti 2007

Í m.kr.	Áætlun	Breytingar	Afskriftir	Greiðslur	Eftirst.
1999	6.567	-5.567	-694	-10	297
2000	44.322	-39.634	-3.019	108	1.776
2001	32.986	-26.462	-3.333	-17	3.061
2002	26.178	-19.052	-3.370	-118	3.962
2003	18.686	-12.403	-2.202	-119	9.962
2004	15.459	-9.929	-1.159	-151	4.219
2005	15.653	-10.293	-647	-258	4.455
2006	15.513	-10.088	-268	-341	4.815
2007	8.508	-4.381	-35	-326	3.766
	183.871	-137.811	-14.763	-1.308	29.989
Höfuðstóll	151.009	-125.160	-8.500	-1.033	16.316
Vextir	32.862	-12.651	-6.263	-275	13.673
Alls	183.871	-137.811	-14.763	-1.308	29.989

Um 75% áætlana í virðisaukaskatti er breytt af skattyfirvöldum. Það sem vantar þó inn í þessa mynd er hve stór hluti þessara breytinga skilar sér í raunverulegri álagningu, þ.e. hversu margir gjaldendur sem áætlað er á skila að lokum skýrslu og greiða. Þá sýnir taflan að upp í áætlanir hefur innheimst rúmur 1,0 ma.kr., þ.e. gjaldendur hafa greitt áætlaðan skatt, væntanlega vegna þess að álagning hefði verið hærri ef þeir hefðu skilað inn skýrslu.

Gjaldfallnar skuldir í virðisaukaskatti 2007, virk VSK-númer

Rekstrarform	Höfuðstóll	Dráttarvextir	Kostnaður	Samtals
Einkahlutafélög	3.274	1.278	17	4.570
Einst. í atv.rekstri	5.664	5.472	16	11.153
Protabú	764	636	1	1.401
Aðrar atv.greinar	397	270	1	668
	10.100	7.657	36	17.792

Töfluviðauki við 7. kafla

Hluta- og sameignarfélag í E-hluta ríkisreiknings					
Í m.kr.	Eignar- hlutur ríkissj.	Hagnaðu r (tap)	Eigið fé	Arður til ríkissjóðs	Eignfært í RR 2007
<i>Fært hjá ríkissjóði</i>					
Austurhöfn TR ehf.	54,0%	44	110	0	6
Eignarhlutir ehf.	100,0%	1	1	0	1
Flugstöð Leifs Eiríkssonar hf.	100,0%	1.407	6.861	250	3.139
Flugstoðir ohf.	100,0%	413	1.940	0	1.579
Íslandspóstur hf.	100,0%	230	2.602	90	1.991
Landskerfi bókasafna hf.	52,0%	13	97	0	85
Matis ohf.	100,0%	9	168	0	146
Neyðarlínan hf.	73,7%	32	67	0	119
Orkubú Vestfjarða hf.	100,0%	37	4.409	0	4.642
Rarik ohf.	100,0%	-191	14.737	0	14.565
Ríkisútvarpið ohf.	100,0%	-108	770	0	840
Vísindagarðar Háskóla Íslands hf.	100,0%	0	1.050	0	1.000
Vísindagarðurinn ehf.	87,2%	-3	141	0	125
Þróunarfélag Keflav.flugvallar ehf.	100,0%	131	62	0	20
Öryggisfjarskipti ehf.	75,0%	-16	384	0	300
<i>Fært hjá stofnunum</i>					
Ranns.- og hásk.net Íslands hf.	100,0%	-6	33	0	0
Tæknigarður hf.	56,3%	4	33	0	0
<i>Sameignarfélag</i>					
Landsvirkjun	99,9%	28.474	99.209	500	60.440
Samtals		30.471	132.674	840	88.998

Töfluviðauki við 8. kafla

Helstu reikningstölur kirkjustofnana á árinu 2007							
Í m.kr.	Tekjur	Gjöld	Vextir	Afkoma	Eignir	Skuldir	Eigið fé
<i>Stofnanir og sjóðir</i>							
	1.582,0	1.580,1					
Þjóðkirkjan	0	0	2,3	4,1	20,2	18,4	1,8
Fjölskylduþjónusta	22,7	27,6	0,1	-4,8	0,2	0,8	-0,6
Tónskóli	30,2	26,9	0	3,2	1,1	2	-0,9
Skálholtsstaður	118,5	95,1	-9,9	13,5	784,8	113,5	671,3
Kristnisjóður	89,4	89,4	0,1	0,1	0,5	0,2	0,3
Jöfnunarsj. sókna	340,1	359,1	33,3	14,3	291,1	21,1	270
Kirkjumálasjóður	524,7	436,3	-10,1	78,4	4.549,6	353,8	4.195,8
Kirkjugarðssjóður	69,8	68,8	0,8	1,8	36,9	24,7	12,2
Hinn alm. kirkjusj.	0	0	1,9	1,9	15,4	0,4	15
Ýmsir sjóðir	1	3,7	16	13,4	128,4	0	128,4
Samtals	2.778,4	2.687,0	34,5	125,9	5.828,2	534,9	5.293,3